

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum

Samantekt úrskurða 2005

Mál nr. 3/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/bifreiðar, Mercedes Benz 280 CE, árgerð 1983.

Ágreiningur um bótafjárhæð vegna skemmda á bifreið þann 24.11. 2004. Lögboðin ábyrgðartrygging ökutækja.

Gögn.

1. Málskot móttakið 05.01. 2005 ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.01. 2005.
3. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.01. 2005, ásamt verðmati Bílasölu Reykjavíkur og auglýsingu úr dagblaði 12.01. 2005, Mercedes Bens 230C árgerð '79.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega. Ágreiningur er um bótafjárhæð (verðmat) nefndrar bifreiðar. Báðir aðilar hafa samþykkt að úrskurðarnefndin fjalli um málið.

M fer fram á að félagið greiði að lágmarki 700.000 kr. fyrir bifreiðina með tilliti til þeirra fjármuna sem hann hafi ráðstafað í bifreiðina sem og mikils tíma. Hann rökstyður kröfu sína með gögnum máls þessa. Hann telur ljóst að sambærilega bifreið sé ekki unnt að finna og því fer hann fram á að fá bætta svipaða bifreið. Hann gerir og kröfu um að fá bílaleigubifreið greidda frá 24.11. 2004 allt til þess að mál þetta leysist.

Vátryggingafélagið kveðst reiðubúið til að kaupa bifreiðina á kr. 380.000 eða bætur kr. 280.000 og er þá verið að áætla verðmæti bifreiðarinnar eftir tjón á kr. 100.000. Félagið styðst við verðmat starfsmanns bílasölnunnar B sem metur verðgildi bifreiðarinnar staðgreitt kr. 280.000. Félagið kveðst hafa boðið M þetta 09.12. 2004 og skriflega 20.12. 2004. Félagið kveðst hafa greitt M daggjald af bílaleigubíl frá tjónsdegi 24.11. 2004 til 17.12. 2004. Það telur að hann eigi ekki rétt á fyllri bótum.

Álit.

Við uppgjör í máli sem þessu ber vátryggingafélaginu að greiða markaðsverð viðkomandi bifreiðar eða sambærilegrar bifreiðar miðað við staðgreiðslu. Virðist ekki koma til álita í máli þessu hvort gert skuli við bifreiðina.

Alla jafnan reyna aðilar að ná samkomulagi um bótafjárhæð. Ekki var unnt að leysa úr ágreiningi aðila máls þessa með samkomulagi og völdu þeir þann kost að bera málið undir úrskurðarnefndina til ákvörðunar. Nefndin úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir hana hafa verið lögð.

Fyrirliggjandi eru misvísandi verðmöt bifreiðarinnar. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og aldri bifreiðarinnar og almennt markaðsvirði notaðra bifreiða hér á landi telur nefndin að óbreyttu rétt að leggja verðmat starfsmanns B til grundvallar. M hefur ekki sýnt fram á að verðmat/tilboð vátryggingafélagsins sé ósanngjarnt. Ekki er unnt að byggja niðurstöðu máls þessa á yfirlýsingum/verðmötum, dags. 24.11. sl. og 04.01. sl., sem hjálaga fylgdu málskotinu.

Með hliðsjón af framanrituðu telur nefndin að vátryggingafélagið hafi boðið M fullnægjandi bótafjárhæð fyrir bifreiðina og að eftir því skuli farið. Vátryggingafélagið kveðst reiðubúið að kaupa bifreiðina á kr. 380.000 eða greiða bætur kr. 280.000 og M haldi bifreiðinni og er þá verið að áætla verðmæti bifreiðarinnar eftir tjón á kr. 100.000.

M á ekki rétt á fyllri bótum fyrir afnotamissi bifreiðarinnar. Vátryggingafélagið greiddi honum daggjald af bílaleigubíl frá tjónsdegi 24.11. 2004 til 17.12. 2004. Þetta er hæfilegur tími í máli sem þessu. M á ekki rétt til bóta fyrir afnotamissi frá tjónsdegi til þess tíma er ágreiningur aðila leysist líkt og hann hefur krafist.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir umrædda bifreið í samræmi við tilboð vátryggingafélagsins sem gert hefur verið. Hann hefur ekki sýnt fram á að verðmat vátryggingafélagsins sé ósanngjarnt.

M á ekki rétt á fyllri bótum fyrir afnotamissi.

Reykjavík 8. febrúar 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 7/2005

**M
og
Vátryggingafélagið X**

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10.1.2005 ásamt umboði, dags. 8.12.2004.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Tjónstilkynning, dags. 26.8.2004, ásamt yfirlýsingu, dags. 20.10.2004.
4. Útskrift úr sjúkraskrá læknavaktarinnar í Trelleborg, Svíþjóð, þann 9.8.2004.
5. Tvö læknisvottorð, dags. 16.9.2004 og 14.12.2004.
6. Bréf (tölvupóstur) lögmanns málskotsaðila, dags. 15.12.2004.
7. Þrjú bréf X, dags. 3. og 10.12.2004 og 2.2.2005.

Málsatvik.

Þann 8.9.2004 var M staddur í bænum Falsterbro á Skáni í Svíþjóð er hann varð fyrir meiðslum á hægri fæti. Í tjónstilkynningu M til X, dags. 26.8.2004, kemur fram að hann hafi verið að leika við börnin sín á ströndinni og verið að hlaupa að stað í sjónum (fjöruborðinu) þegar hann fann smell og mikinn sársauka. Hafi hásin í fætinum slitnað. Í sérstakri yfirlýsingu M, dags. 20.10.2004, segir að hann hafi misstigið sig á misfelli eða steini með þeim afleiðingum sem fram komi í fyrri skýrslu.

Farið var með M undir læknishendur á læknavaktina í Trelleborg (“Joureläkercentralen Tbg”). Í útskrift úr sjúkraskrá læknavaktarinnar segir m.a. orðrétt: “Ursprungligen från Island. Är här med bekant, hyr stuga í Falsterbro. Druckit en hel del öl, sprang och lekte på stranden, knäppte till i höger underben, kunde initialt ej alls gå men kan nu gå.”

Í vottorði læknisins L, dags. 16.9.2004, segir að M hafi leitað til hans þann 20.8.2004 og þá hafi m.a. verið ritað í sjúkraskrá: “missteig sig í Svíþjóð fyrir 11 dögum þ.e. 09.08.2004 á hæ. fæti, fannst sem sparkað væri aftan í kálfann. Fór til læknis sem taldi að um vöðvaslit væri að ræða. SK: er með slit á hásininni...”

M hafði í gildi nánar tilgreinda vátryggingu hjá X, en í þeirri tryggingu er sérstök slysatrygging. M hefur krafist bóta úr slysatryggingunni vegna meiðsla sinna. X hefur á hinn bóginn hafnað bótum, þar sem meiðslin hafi ekki orðið af völdum slyss eins og það hugtak er skilgreint í skilmálum sem um vátrygginguna gilda.

Álit.

Fyrrgreindir vátryggingarskilmálar liggja ekki fyrir, en með aðilum virðist ekki vera um það deilt að félagið bæti slys að nánar tilgreindum skilyrðum fullnægðum og að í skilmálanum sé ákvæði er segi að með orðinu “slys” sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Greinir aðila á um það hvort M hafi orðið fyrir meiðslum á fæti sínum, þ.e. hásinasliti, af völdum skyndilegs utanaðkomandi atburðar.

M var að hlaupa í sjávarmálinu, þegar hann fann smell og mikinn sársauka. Í fyrstu tilkynningu til X um slysið er þess ekki getið hvernig M varð fyrir meiðslunum. Ekki er heldur að sjá að þess hafi verið getið í sjúkraskrá læknavaktarinnar í Trelleborg, þar sem M leitaði læknishjálpar fyrst eftir að hann hlaut meiðslin. Við læknisskoðun hjá L þann 20.8.2004 er þess getið að hann hafi misstigið sig. Þá segir í sérstakri yfirlýsingu M frá

20.10.2004 að hann hafi misstigið sig á misfelli eða steini með þeim afleiðingum sem áður er getið.

M hefur sönnunarbyrðina um það að hann hafi orðið fyrir meiðslum af völdum slyss eins og það hugtak er skilgreint í þeim váttryggingarskilmálum sem deilt er um í málinu. Hann datt ekki og fékk heldur ekki högg á fótlegginn. Af skýrslum M um tildrög þess að hann varð fyrir meiðslunum eða fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum verður ekki ráðið með nægri vissu að meiðslin hafi orðið vegna einhvers atviks er varð utan líkama M. Sú skýring M, sem fram kom í yfirlýsingunni 20.10.2004 um að hann hafi misstigið sig á misfelli eða steini, verður ekki talin nægja sem sönnun þess að hann hafi orðið fyrir meiðslunum af völdum utanaðkomandi atburðar. Að öllu virtu hefur því ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir meiðslum af völdum slyss eins og það hugtak er skilgreint í váttryggingarskilmálunum. Af þessu leiðir að M á ekki rétt til bóta úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til slysabóta úr váttryggingu sinni hjá X.

Reykjavík, 15. febrúar 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 8/2005

M

og

Vátryggingafélag X v/bifreiðanna A og B

Árekstur við verslunarmiðstöðina Austurver, Háaleitisbraut, þann 02.12. 2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17.01. 2005, ásamt fylgiskjölum þ. á m. skýrslu lögreglu, teikningu frá Gatnamálastjóranum í Reykjavík og teikningu frá borgarverkfræðingi.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 09.02. 2005.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1032/2004.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

Líkt og segir í skýrslu lögreglu var bifreiðinni A ekið austur akleið frá bifreiðastæðum við Austurver á Háaleitisbraut, bifreiðinni B var ekið norður akleið frá bifreiðastæðum við Austurver og beygt til hægri. Álitafni máls þessa er hvor ökumanna hafi átt að víkja m.ö.o. hvort á vettvangi gildir varúð frá hægri eða hvort ökumaður B hafi átt að víkja fyrir A þar sem hann hafi ekið frá bifreiðastæðum inn á umferðargötu.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna komst að þeirri niðurstöðu að á vettvangi gildi almennur umferðarréttur og því hafi ökumaður A átt að veita umferð frá hægri forgang, í þessu tilviki bifreiðinni B, sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Vátryggingafélagið lætur þess getið í bréfi til nefndarinnar að “þar sem félagið tryggir báða aðila þessa máls óskar það ekki eftir því að taka afstöðu til sakarmats”.

Álit.

Nefndin athugaði vettvang. Að teknu tilliti til aðstæðna á vettvangi og fyrirliggjandi gagna er nefndin efnislega sammála umfjöllun M í málskotunu, þ.e. þess efnis að A hafi verið ekið ónefnda götu frá lóðinni að Háaleitisbraut 70 að umferðarljósunum á gatnamótunum við Háaleitisbraut. Bifreiðinni B var ekið í umrætt sinn út af bifreiðastæðum á lóðinni Háaleitisbraut 68 (Austurveri) og í hlið A. Að teknu tilliti til þessa átti ökumaður B að veita A forgang sbr. 3. mgr., 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þessa gætti hann ekki og því ber hann ábyrgð á árekstrinum. Af skýrslu lögreglu má og ráða að ökumaður B hafi ekki hugað nægjanlega að mögulegri umferð frá vinstri áður en hann beygði til hægri.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A miðað við gögn málsins.

Niðurstaða.

Ökumaður B, SH-120, ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 15. febrúar 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 14/2005

**M
og
Vátryggingafélagið X v/B
og
Vátryggingafélagið Y v/A**

Árekstur á einbreiðri brú í Önundarfirði þann 03.12. 2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17.01. 2005, ásamt fylgiskjölum þ.e. skýrslu lögreglu, afstöðu-teikningu og ljósmyndum auk vitnisburðar sjónarvotts og frásagnar ökumanns B.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 05.02. 2005.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1006/2004.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt. Bifreiðunum var ekið á móti hvor annari. Áreksturinn varð inni á umræddri brú. Fram kemur í skýrslu lögreglu að B hafi verið staðsett fyrir miðri brúnni, óökuhaf eftir óhappið, bifreiðin A var staðsett við nyðri enda brúarinnar. Á vettvangi var mikil hálka.

Vátryggingafélag B telur að skipta skuli sök til helminga vegna máls þessa þar sem ökumenn bifreiðanna mætast á einbreiðri brú.

Vátryggingafélag A hefur ekki upplýst nefndina um afstöðu sína.

Álit.

Mikilvægt er að ökumenn sem stefna að einbreiðri brú gæti aukinnar aðgæslu og dragi úr ökuhraða og ef unnt er hafi hugfast hvað sá aðili sem á móti kemur hyggst gera áður en ekið er út á viðkomandi brú. Oft má rekja árekstur á einbreiðri brú til aðgæsluleysis beggja ökumanna en atvik máls verður að skoða hverju sinni með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum.

Að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna þ. á m. ljósmynda, afstöðuteikningar og framburði sjónarvotts sem ók bifreið sinni á eftir A og ekki hefur verið hrundið, telur nefndin að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum. Telja verður að ökumaður B hafi komið fyrir að brúnni og verið að aka yfir hana þegar A var ekið í veg fyrir hann. Þrátt fyrir að báðir ökumenn hefðu mátt gæta meiri aðgæslu verður að telja að árekstur þennan megi fyrst og fremst rekja til aðgæsluleysis ökumanns A er hann ók út á brúnni þrátt fyrir að bifreið væri að koma á móti. Hann ber því ábyrgð á árekstrinum. Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við gögn máls þessa.

Niðurstaða.

Ökumaður A, UK-966, ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 22. febrúar 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 15/2005

M

og

Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar Í

Vinnuslys þegar maður datt í skurð þegar skurðkantur gaf sig þ. 21.6.2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.1.2005.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 842/2004.
3. Bréf lögmanns M dags. 6.10.2004 ásamt fskj.1-12
4. Bréf V dags. 16.2.2005 ásamt fskj. 1-7

Málsatvik.

Lögmaður M lýsir málavöxtum þannig að M hafi orðið fyrir vinnuslysi þegar hann var við vinnu hjá Í við endurnýjun hitaveitu-og rafmagnslagna við hús í Reykjavík og hafi M dottið niður í skurð þegar skurðkantur gaf sig og meiðst illa þar sem að hann hafi borið fyrir sig hægri hendi og lent á hvösskum kanti á göngubrú yfir skurðinn en Í hafi látið bretta upp brúnirnar á göngubrúnunum til að ná burði í stálið og þannig hafi myndast hvassar brúnir og hafi Í þá gripið til þess ráðs að sneiða hornin af og þá hafi sárið orðið mun beittara. M ber í lögregluskýrslu að hann hafi runnið til og lent með vinstri fótinn aðeins ofan í skurðinn og borið fyrir sig hægri hendi og hún skolið á á brún göngubrúarinnar. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segir að göngulínan hafi verið of nálægt skurðbarminum og meðvirk orsök hafi verið að kanturinn á göngubrúnni hafi verið beittur og óvarinn. Verkstjóri M segir að M hafi misstigið sig og misst fótanna, bakkinn hafi ekki gefið sig. Verkstjórinn segir M hafa verið kunnugan staðháttum og unnið við að koma göngubrúum fyrir. Lögmaður M krefst bóta og bendir á umbúnaðinn á köntum á göngubrúnunum sem hafi verið óviðunandi. V hafnar bótaskyldu og segir að slysið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi annarra starfsmanna Í ófullnægjandi persónuhlífa, öryggisráðstafana, vanbúnaðar eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingataki beri bótaábyrgð á. Birtuskilyrði hafi verið góð og allur aðbúnaður, skurðurinn hafi verið 70 cm. að dýpt og fallhætta því afar lítil og almennt lítil hætta fólgin í að ganga meðfram skurðinum. Þá telur V að umrædd brún göngubrúarinnar hafi almennt ekki hafa verið til þess fallna að valda slyshættu við venjulega umferð um svæðið. Þá bendir V á að M hafi verið vanur vinnu sem þeirri sem um ræðir í máli þessu.

Álit.

M var nýorðinn 18 ára þegar slysið varð og vann í sumarvinnu hjá Í og skv. upplýsingum frá V hafði hann einnig gert það sumarið næst á undan. M mun hafa hafið störf í maímánuði sumarið 2002 og því starfað hjá Í um mánaðartíma þegar slysið varð. Fyrir liggur í málinu skv. skýrslu Vinnueftirlits ríkisins að göngulínan var of nálægt skurðbarminum og meðvirk orsök að kanturinn á göngubrúnni var beittur. M varð fyrir þeim áverka að fá stóran skurð á hægri framhandlegg. Þennan skurð fékk M vegna þess hvernig umbúnaði á göngubrúnunum var háttað. Sá frágangur sem að hafður var á kötnum göngubrúnna var óviðunandi og óeðlilegur og verður Í að bera alla ábyrgð á þeim frágangi. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 22.2.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 20/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/ innbútryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar úr geymslu.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25.1.2005.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna .
3. Lögregluskýrsla.
4. Bréf málskotsaðila, dags. 5.1.2005.
5. Útdráttur úr skilmálum.
6. Ljósmyndir.
7. Bréf X, dags. 3.2.2005.

Málsatvik.

Þann 26.11.2004 var lögreglu tilkynnt um þjófnað úr geymslu málskotsaðila M í kjallara í fjölbýlishúsi í Reykjavík, og stolið þaðan tölvu, tölvuskjá, rafmagnsverkfærum o.fl. Að sögn M mun þjófnaðurinn hafa gerst á tímabilinu 10.-24.11.2004. Taldi M mjög líklegt að klifrað hafi verið á milli geymsla, en um er að ræða þrjár samliggjandi geymslur í sameign hússins. Geymsluhurðin sé ávallt læst og ekki hafi verið hægt að sjá að neitt hafi verið átt við læsingu á hurðinni. Þegar M kom að geymslunni veitti hann því eftirtekt að búið var að setja mikið af dóti upp að geymsluhurðinni að innanverðu. Þá sé hurð inn á geymsluganginn alltaf læst og ekki hafi heldur verið að sjá að átt hafi verið við læsingu á þeirri hurð.

M hefur krafist bóta vegna þjófnaðarins úr innbútryggingu sem hann hefur hjá X. Félagið telur tjónið ekki bótaskyldt og hefur hafnað bótum.

Álit.

Samkvæmt 6. tl. 3. gr. í II. kafla skilmála, sem um vátrygginguna gilda, bætir vátryggingin tjón af völdum innbrots í læsta íbúð. Vátryggingin nær einnig til innbrots í geymslu utan íbúðarhúsnæðis, en þá með takamarkaðri vátryggingarfjárhæð. Í þessari sömu grein skilmálanna er tekið fram að það sé forsenda fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Bótasvið vátryggingarinnar er háð takmörkun að þessu leyti. Þótt sjá hafi mátt að farið hafi verið inn í geymslu M og átt hafi verið við muni, sem þar voru, verður af gögnum málsins á hinn bóginn ekki séð að á vettvangi hafi verið merki þess að beinlínis hafi verið farið inn í geymsluna með því að brjótast inn í hana. Skilyrði bótaskyldu úr vátryggingunni eru því ekki fyrir hendi og af þeim sökum bætist tjónið ekki.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr innbútryggingu hans hjá X.

Reykjavík, 3. mars 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 23/2005

M

vegna ófjárráða dóttur sinnar

og

Vátryggingafélag X v/slysatryggingar ökumanns

Umferðarslys, andlát, ágreiningur um bætur fyrir missi framfæranda.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 28.01. 2005, ásamt fylgiskjölum 1 - 9.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.02. 2005.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1033/2004.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

Þann 10.01. 2004 lést ökumaður nefndrar bifreiðar í umferðarslysi á Suðurlandsvegi. Ökumaðurinn var einn í bifreiðinni. Bifreiðin var í eigu sambyliskonu hins látna. Samkvæmt gögnum málsins virðist bifreiðin hafa farið yfir á rangan vegarhelming og framan á bifreið sem á móti kom. Er þetta gerðist var sambyliskona hins látna barnshafandi. Þann 12.05. 2004 eignaðist hún dóttur. Með dómi var viðurkennt að hinn látni var faðir stúlkunnar. Gerðar voru kröfur fyrir hönd stúlkunnar um bætur vegna missis framfæranda sbr. gögn málsins. Vátryggingafélagið hafnar kröfunni á grundvelli 5. gr. skilmála um slysatryggingu ökumanns og eiganda með vísan til gagna sem sýna að ökumaðurinn bifreiðarinnar hafi verið undir áhrifum lyfja sbr. niðurstöður Rannsóknarstofu Háskólans frá 27.02. 2004.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Röksemdir hennar koma fram í málskotinu. Í greinargerð lögmanns hennar, dags. 21.01. 2005, er gerð grein fyrir aðalkröfu og varakröfu. M óskar eftir áliti nefndarinnar á því hvort full greiðsluskylda sé til staðar af háflu vátryggingafélagsins, ef ekki sé talin full greiðsluskylda og bótaábyrgð er gerð krafa um að skipta ábyrgð.

Vátryggingafélagið telur ljóst að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið óhæfur til að stjórna bifreiðinni sökum neyslu nautnalýfja. Félagið telur ekki vera ágreining um það. Félagið hafnar bótaskyldu með vísan til 5. gr. um slysatryggingu ökumanns og eiganda. Það getur þess að í málskotinu telji lögmaður M félagið "hafna bótaskyldu vegna áhættutöku. Félagið telur málið ekki snúast um eiginlega áhættutöku þar sem M var ekki farþegi í ökutækinu er slysið varð. Það er mat félagsins að fullljóst sé að réttur til bóta vegna missis framfæranda sé leiddur af rétti ökumanns til bóta. Ökumaður hafi fyrirgert þeim rétti með öllu því að aka undir áhrifum ávana- og fíkniefna".

Álit.

Í 5. gr. skilmála slysatryggingar ökumanns er fjallað um missi bótaréttar. Fram kemur að réttur til vátryggingarbóta geti fallið niður samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga, ef vátryggingartaki eða vátryggður vanrækja skyldur sínar við stjórn ökutækisins t.d. með því að aka án þess að hafa öðlast ökuréttindi eða valda tjóni af ásetningi, stórkostlegu gáleysi eða undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna.

Af fyrirbyggjandi gögnum verður að telja að ökumaður bifreiðarinnar hafi vegna neyslu lyfja verið ófær um að stjórna bifreiðinni. Með hliðsjón af nefndri 5. gr. skilmála slysatryggingar ökumanns og eiganda og 20. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 hefur þetta í för með sér missi bótaréttar samkvæmt nefndri vátryggingu. Réttur til greiðslu bóta t.d. fyrir missi framfæranda er leiddur af rétti vátryggðs ökumanns. Með hliðsjón af framanrituðu er greiðsluskylda gagnvart M því ekki fyrir hendi úr slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 3. mars 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 28/2005

M v. tjóns á bifreiðinni A

og

Vátryggingafélagið V h.f. v.ábyrgðarliðar

fjölskyldutryggingar S

Tjón á bifreið í Rjúpnasölum í Kópavogi, þegar kerra fauk á hana þ. 13.12.2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.2.2005. ásamt fylgiskjöllum 1-9.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 44/05
3. Lögregluskýrsla dags. 13.12.2005.
4. Bréf V h.f. dags. 21.2.2005.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu segir að á vettvangi við Rjúpnasali 10 í Kópavogi hafi M sýnt lögreglu skemmdir á A eftir kerru sem stóð við hlið A og sögðu M að kerran hefði fokið á A. en á þeim tíma vissu M ekki hver ætti kerruna sem tjóninu olli. Fram kom síðar að S ætti kerruna og í tjónstillkynningu hennar segir að í umrætt sinn hafi kerran verið umkringd bílum á 3 vegu og því í miklu skjóli fyrir vindi en eina útgönguleiðin fyrir kerruna segir S að hafi verið á móti ríkjandi vindátt eins og fram komi á gögnum Veðurstofu Íslands að hún hafi verið í umrætt sinn. Fram kemur í yfirliti frá Veðurstofu Íslands að vindhraði umrædda nótt hafi farið yfir 36 m. á sekúndu í hviðum á veðurathugunarstöð í Garðabæ en yfir 25 m. á sek. skv vottorði um veður í Reykjavík og varað hafði verið við stormi kvöldinu áður en umrætt tjón varð. M krefjast bóta úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar S. og benda á máli sínu til stuðnings að í umrætt sinn hafi S haft léttu kerru lausa á bílastæði í roki. Af hálfu M er því haldið fram að húsfélagið hafi lagt bann við því að íbúar hefðu lausa hluti á bílastæði vegna hættu á að þeir gætu valdið tjóni þegar hvessti. Af hálfu M er bent á að við Rjúpnasali verði stundum mjög hvasst og því sé ljóst að S hafi sýnt af sér óafsakanlega háttsemi sem jafngildi stórkostlegu gáleysi en þ.12. des hafi veðurstofan spáð hvassviðri. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki sé sýnt fram á að vátryggingataki hafi sýnt af sér saknæma háttsemi eða tjónið megi rekja til vanrækslu. Þá heldur V því fram að ósannað sé að kerran hafi valdið tjóninu og vísar í lögregluskýrslu því til stuðnings.

Álit.

Á þeim stað sem að tjónið átti sér stað getur orðið mjög hvasst og það eiga þeir sem þar búa að gera sér grein fyrir og gera ráðstafanir í samræmi við það. Spáð hafði verið havssviðri og við þær aðstæður verður að leggja þá skyldu á herðar þeirra sem eiga lausa eða léttu hluti að þeir gangi þannig frá þeim að ekki sé hættu á að þessir munir valdi tjóni. Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi sýnt lögreglunni A og hafi greinilega mátt sjá skemmdir á hægri hlið A eftir kerruna sem hafi staðið við hlið A. Það þykir því fullsannað að kerran hafi valdið umræddu tjóni á A. S sýndi ekki af sér þá varúð sem henni bar að sýna miðað við þær aðstæður þegar hún lét léttu kerru standa lausa eftir að spáð hafði verið hvassviðri, á stað þar sem iðulega verður mjög hvasst. S þykir því hafa sýnt af sér gáleysi í umrætt sinn sem hafi leitt til þess tjóns sem varð á A. Af þeim sökum ber að bæta M það tjón sem varð á A úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar S hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar S hjá V.

Reykjavík 8.3.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 35/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B

og

Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar A.

Árekstur á bensínstöð Olís við Sundagarða í Reykjavík þann 11.1.2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17.2.2005 ásamt greinargerð málskotsaðila og fylgigögnum.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Bréf ökumanns A, dags. 31.1.2005, ásamt ljósmyndum.
4. Bréf Y, dags. 24.2.2005 ásamt ljósmyndum.
5. Bréf X, dags. 28.2.2005, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið til norðurs eftir akleið milli bensíntanka og matsölustaðar. Matsölustaðurinn er í húsi að vestanverðu við akleiðina en bensíntankarnir að austanverðu. Er A var komin að nyrðri enda matsölustaðarins hugðist ökumaðurinn beygja til vinstri í átt að akleið sem liggur frá Sundagörðum og inn á athafnasvæði bensínstöðvarinnar. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið til austurs eftir akleiðinni frá Sundagörðum og beygt til hægri áleiðis til suðurs sömu akleið og A var ekið eftir. Varð þá árekstur með bifreiðunum þannig að vinstri framhorn þeirra rákust saman. Bjart var af degi, þegar áreksturinn varð, og snjór og ísing á akleiðum.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á hægri ferð á hægri vegarkanti og ætlað til vinstri niður brekku til að fara út af bensínstöðinni við Sundagarða. Þá hafi hann séð B koma á hraðri ferð upp brekkuna í veg fyrir sig. Hann hafi reynt að hemla, en bifreiðin runnið áfram í hálkunni og rekist á B.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 5-10 km hraða á klst. og verið að beygja inn á plan bensínstöðvarinnar. Í beygjunni hafi hann séð A koma á móti. Hann hafi nauðhemlað, en sökum ísingar hafi "beygjan minnkað" og hafi B runnið örlítið vegna hálkunnar. A hafi einnig verið hemlað en vegna háلكu og þyngdar bifreiðarinnar hafi það ekki dugað til.

Í málinu liggur fyrir skýrsla eins vitnis, sem ekki kveðst hafa orðið vitni að sjálfum árekstrinum, en séð staðsetningu bifreiðanna eftir áreksturinn. Segir í skýrslunni að A hafi verið ekið allt of langt til vinstri, verið öfugu megin á móti umferðinni og ekið beint á móti akstursstefnu B. Hafi A átt að vera hægra megin á planinu, þar sem nóg pláss hafi verið fyrir hana. B hafi hins vegar verið ekið eins og þarna á að gera og verið á réttum vegarhelmingi.

Álit.

Svo virðist sem áreksturinn hafi orðið um það leyti sem bifreiðunum var beygt, A til vinstri og B til hægri. Aðila greinir á um staðsetningu bifreiðanna er áreksturinn varð, en teikningar á fyrirliggjandi tjónstilkynningum, sem báðir ökumenn hafa undirritað, gefa staðsetninguna ekki skýrt til kynna. Skýrsla vitnis kveður einungis á um huglægt mat þess á aðstæðum og orsökum árekstursins. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki unnt að byggja á skýrslu vitnisins við úrlausn málsins.

Aðstæður á vettvangi hafa verið skoðaðar af hálfu nefndarinnar. Að austanverðu meðfram húsi því, sem matsölustaðurinn er í, er sérstök akrein ætluð fyrir ökumenn er leið eiga að sölulúgu á austurhlið hússins. Er akrein þessi, sem ekin er til norðurs, sérstaklega aðgreind með hvíttri línu frá akleið þeirri sem A var ekið eftir og ökumaður B hugðist aka inn á. Sú

akleið, sem A var ekið eftir, er tiltölulega mjó þótt gert sé ráð fyrir að um hana sé ekið í báðar áttir. Sökum þess hve akleiðin er þröng er mjög erfitt um vik fyrir ökutæki að mætast í beygjunni við norðurenda hennar, þar sem áreksturinn varð, öðruvísi en leiðir ökutækjanna myndu skerast. Við þessar aðstæður bar ökumanni B, sem hafði A sér á hægri hönd, að veita A forgang, sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á þessu varð misbrestur og ber því ökumaður B sök á árekstrinum. Ekki verður séð að ökumaður A hafi hagað akstri sínum þannig að efni sé til að leggja á hann sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 15. mars 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 36/2005

M

Vátryggingafélagið V h.f. v. frjálsrar ábyrgðartryggingar K.

**Kona varð fyrir slysi þegar drengur í hennar umsjá sparkaði í hönd hennar þ.
12.2.2004.**

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.18.2.2005. ásamt bréfi lögmanns M dags. 16.2.2005 og fskj. 1-15
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1019/2004.
3. Bréf V dags.10.12. 2004 og 23.2.2005.

Málsatvik.

M er stuðningsfulltrúi við grunnskóla og var við störf í skólanum þ.12.2.2004 þegar drengurinn HIÓ kom æstur í skólann og fór að metast við hin börnin þegar M opnaði kennslustofuna og hleypti börnunum inn. Tónmenntakennari kom síðan inn í stofuna og sagði börnunum að þau ættu að koma á á sal og fóru börnin þá í röð fyrir utan skólastofuna. M bað HIÓ að taka skólatöskuna sína af því að þau eigi að fara annað eftir að hafa verið á sal. HIÓ segist ekki ætla að taka skólatöskuna sína og varð reiður og sparkaði í M og lenti sparkið í hægri hendi M með þeim afleiðingum að hún er með skerta hreyfingu í þumalfingri og getur ekki rétt almennilega úr fingrinum skv. læknisvottorði.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu K hjá V. Í röksemdum lögmanns hennar kemur fram að K beri ábyrgð á tjóninu vegna þess að 9 ára drengur hafi misst stjórn á skapi sínu og sparkað í M og er vísað til vinnuveitendaábyrgðar í því sambandi og reglur skaðabótaréttarins um ábyrgð á börnum. Þá vísar lögmaðurinn í dóma málin sínu til stuðnings. V hafnar bótaskyldu og telur ekki að tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna K eða atvika eða aðstæðna sem K beri ábyrgð á.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að drengurinn HIÓ hafi verið hættulegur eða gera hafi mátt ráð fyrir hegðan sem þeirri sem hér ræðir um. Miðað við fyrirliggjandi gögn er því ekki hægt að fallast á að M hafi unnið við hættulegar aðstæður í umrætt sinn. Ekki liggur því fyrir sök eða önnur atvik skv. gögnum málsins sem leitt gætu til sakar K. M á því ekki eins og málið liggur fyrir rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 22.3.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 46/2005

M og

Vátryggingafélagið V h.f. v. ábyrgðartryggingar G

og eigandi bifhjóls A

Umferðaróhapp þegar hross truflaði akstur bifhjóls þ.15.5.2004.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 28.2.2005.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 464/04
3. Lögregluskýrsla dags. 15.5.2004, 12.11. og 8. og 10.12.2004, ljósmynd og yfirl.mynd.
4. Bréf Hauks Richardssonar dags. 31.05.2004.
5. Bréf Sigríðar Lárusdóttur og Jóhanns Albertssonar ódags.
6. Bréf V dags. 7. og 18. 6.2004 og 17.3.2005.

Málsatvik.

Ökumaður A ók bifhjóli og var ásamt félögum sínum á ferð. Ökumaður segir að hross hafi verið á hlaupum meðfram veginum og hafi hann þá dregið úr hraða A en hrossið skyndilega stökkið upp á veginn og hafi hann þá snögghemlað til að aka ekki á hrossið en þá hefði hjólið snúist og lagst á vinstri hliðina og runnið nokkra metra. Ökumaður A segir að sér hafi virst sem fólk hafi verið að elta hrossið. Eigandi hrossins segir að 2 hross hafi sloppið úr gerði og hlaupið að þjóðveginum og hafi hann brugðist við skjótt til að ná því og hafi hrossið aldrei farið upp á veginn. Félagi ökumanns A segist ekki hafa séð betur en hliðið á girðingunni að Gauksmýri hafi verið opið og hrossið hafi hlaupið upp á veginn í veg fyrir A. Annar félagi ökumanns A segir að fólk hafi komið á eftir hrossinu og það hlaupið út um gat á girðingu og hafi girðingin legið niðri austan við hliðið og hafi hesturinn hlaupið í gegn um gatið á girðingunni og ætt upp á þjóðvegin. Félagi eiganda hrossins segir að hrossið hafi ekki verið komið upp á veg þegar óhappið átti sér stað. Sigríður Lárusdóttir segir m.a. í bréfi sínu að girðingin hafi verið heil þegar að hefði verið gáð. Í bréfi sínu heldur V því fram að sagnæmum vanbúnaði girðinga hafi ekki verið um að kenna að hrossið komst upp á veginn og eigandi hafi brugðist strax við þannig að ekki sé um gáleysi hans að ræða við vörslur hrossana og viðbrögð eiganda þannig að ekki verði felld sök á hann.

Álit.

Þegar svo háttar til sem hér um ræðir að fleira en eitt hross sleppa út á þjóðveg þá eru vörslur hrossana ekki með þeim hætti að viðunandi sé. Af ljósmyndum að dæma sem lagðar eru fram í málinu þá virðast girðingar ekki fullnægjandi. Lausaganga hrossa er bönnuð skv. vegalögum á þeim stað sem hér ræðir um. Eiganda hrossins hefur ekki tekist að sýna fram á að vörslur hrossins hafi verið viðunandi og á M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 5.4.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 52/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A

og

Vátryggingafélagið X v/ eiganda hrossa.

Bifreið ekið á hross á þjóðvegi nr. 1, Norðurlandsvegi í V-Húnavatnssýslu.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9.3.2005 ásamt greinargerð lögmanns málskotsaðila, dags. 24.2.2005.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna .
3. Lögregluskýrsla.
4. Bréf málskotsaðila (ökumanns A), dags. 21.1.2005 og 29.1.2005.
5. Bréf (tölvupóstur) frá eiganda hrossa (D), dags. 23.1.2005 og 7.2.2005.
6. Bréf (tölvupóstur) frá lögreglunni á Blönduósi, dags. 7.2.2005.
7. Bréf (tölvupóstur) frá Vegagerðinni Hvammstanga, dags. 7.2.2005.
8. Bréf X, dags. 21.3.2005.

Málsatvik.

Síðla nætur 13. janúar 2005 var bifreiðinni A ekið suður Norðurlandsveg í Vestur-Húnavatnssýslu. Er bifreiðin var miðja veginni milli Víðidalssárbrúar og Galtaness var henni ekið inn í hóp hrossa sem var á veginum með þeim afleiðingum að tvö hrossanna drápu og miklar skemmdir eru sagðar hafa orðið á A. Í lögregluskýrslu segir að mikil hálka hafi verið á veginum og yfirborð hans verið dökkt. Greinilegt hafi verið að hrossin hafi komið frá bænum B og þau hafi komist yfir ristarhlið. Hliðið hafi verið fullt af snjó þannig að hrossin hafi komist auðveldlega yfir það. Í Húnaþingi vestra er í gildi bann við lausagöngu búfjár.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 70-80 km hraða á klst. Allt í einu hafi hann ekið inn í hrossahóp, sem hafi verið þvert yfir allan veginn. Þau hafi sést mjög illa, enda hafi þau verið dökk á lit eins og vegurinn. Hann hafi ekki haft tíma til að gera eitt né neitt til að forðast óhappið.

Eigandi hrossanna, D, kveður hrossin hafa farið að hreyfa sig til vegna mikils frosts (-17°C). Vegna óvenju mikilla snjóá og óstöðugs veðurfars hafi þau komist yfir girðingu og heim að bæ á B og þar upp afleggjarann, þar sem þau hafi komist yfir ristarhlið og út á þjóðveginn. Af 53 hrossum hafi 35 farið út á veginn. D kveður girðingu umhverfis hólfíð, sem hrossin sluppu úr, hafa verið eins og tveggja strengja rafgirðingu. Þær hafi verið á kafi í snjó og þannig hafi háttáð með allar girðingar á svæðinu á umræddum tíma. Við þessar aðstæður hafi verið reynt að setja upp einhvers konar “skyndigirðingar” með “rafborða”, en það dugi skammt. Einnig sé reynt að tryggja að hrossin séu í nægum heyjum svo þau haldist frekar á sínum stað. Hvort tveggja hafi verið gert í þessu tilfalli. Vegna hinna óvenjulegu aðstæðna hafi þetta ekki dugað til. Óhappið hafi orðið síðla nætur og allir í fasta svefni. Því hafi enginn orðið þess var er hrossin sluppu upp á veginn. Hafi vegfarendum borið að taka tillit til hinna óvenjulegu aðstæðna sem þarna voru.

Í bréfi lögreglunnar á Blönduósi kemur fram að þegar óhappið varð hafi töluverður snjór verið í Húnaþingi. Þó svo girðingar hafi almennt ekki verið á kafi hafi svo verið á vissum stöðum þar sem snjór hafi lagst yfir í skjóli frá hæðum eða þar sem girðingar liggja niður í lægðir. Þannig hafi verið ástatt í námunda við slysstaðinn.

Í bréfi Vegagerðarinnar Hvammstanga segir að á umræddum tíma hafi töluvert mikill snjór verið í Húnaþingi, einkum í Víðidal og Vesturhópi. Víða hafi girðingar verið alveg eða næstum alveg í kafi. Einkum hafi þetta verið slæmt í Víðidal.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins er ekki um það deilt að girðingar voru á kafi vegna snjóalaga. Áttu hrossin greiða leið úr girðingarhólfinu upp á Þjóðveg nr. 1, en lausaganga búfjár er þarna bönnuð. D var ljós hættan á því að hrossin kæmst upp á veginn. Þótt hann hafi m.a. reynt að koma upp “skyndigirðingum” og hafa nægilegt hey hjá hrossunum var vörslu þeirra verulega áfátt eins og raun bar vitni. Bar D að grípa til mun öflugari og markvissari varúðarráðstafana til að tryggja að hrossin kæmst ekki upp á Þjóðveginn. Það hins vegar brást og verður D því gefin sök á því að hrossin sluppu upp á veginn og lentu fyrir A. Myrkur var og hrossin munu hafa verið samlit veginum. Ekkert liggur fyrir um að ökumaður A hafi ekið hraðar en heimilt var eða aðstæður leyfðu. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að ökumaðurinn, sem býr í öðrum landsfjórðungi, hafi vitað eða mátt vita að hross gætu verið á veginum. Að svo vöxnu eru ekki efni til að leggja ábyrgð á hann vegna tjónsins.

Niðurstaða.

D ber alla sök á því er hross í hans eigu urðu fyrir bifreiðinni A.

Reykjavík, 12. apríl 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 58/2005

M

og

Vátryggingafélagið X

Ágreiningur um bætur úr kaskótryggingu bifreiðar vegna umferðaróhapps þann

20.2.2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29.3.2005.
2. Lögregluskýrsla.
3. Læknisvottorð, dags. 22.3.2005
4. Bréf Vátryggingafélagsins X, dags. 18.4.2005.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið suður Óseyrarbraut í Þorlákshöfn að enda hennar, þar sem hún fór út af og valt. Stöðvaðist A um 92 m frá enda götunnar. Engin hemlaför voru sýnileg á götunni eftir A.

Eitt vitni bar að A hafi verið ekið fram úr sér á Þorlákshafnarvegi, er það hafi átt um 250 ófarna inn í bæinn. Kvað vitnið A hafa verið ekið fram úr sér á miklum hraða eða um eða yfir 150 km hraða á klst. Hafi vitnið séð A hverfa í þoku syðst á Óseyrarbraut.

Annað vitni kvaðst hafa verið á gangi eftir vegi rétt austan við vettvanginn. Hafi það séð hvar A var ekið á mikilli ferð eftir Óseyrarbraut og farið út af við enda götunnar. Hvaðst vitnið ekki hafa tekið eftir því hversu margar veltur bifreiðin fór áður en hún staðnæmðist.

Í fyrirbyggjandi læknisvottorði segir að ökumaður A hafi verið lagður inn á sjúkrahús þann 21.2.2005 eftir að hafa reynt að fyrirfara sér með því að aka út af. Á þessum tíma hafi ökumaðurinn verið í andlegu ójafnvægi en muni ekki eftir sér tímana áður en atvikið átti sér stað.

A var í eigu M. Hún kvaðst hafa lánað ökumanninum bifreiðina daginn fyrir atvikið eins og hún hafði oft gert áður. Hafi hún enga ástæðu haft til að vantreysta honum. Hann hafi ætlað að sýna vinnufélaga sínum A, sem hafði áhuga á að kaupa hana. Gerir M kröfu um að sér verði bætt bifreiðin úr kaskótryggingu hjá Vátryggingafeálginu X, sem hefur hafnað bótaskyldu með vísan til vátryggingarskilmála.

Álit.

Ekki er um það deilt að A var kaskótryggð hjá X, þegar atvikið varð. Þá er upplýst að ökumaðurinn hafði leyfi M til að aka bifreiðinni. Af fyrirbyggjandi gögnum þykir enfremur ljóst að ökumaður hennar hefur af stórkostlegu gáleysi, ef ekki ásetningi, ekið bifreiðinni út af Óseyrarvegi og með því valdið miklum skemmdum á henni.

Samkvæmt 2. gr. vátryggingarskilmála eru vátryggðir vátryggingartaki og ökumenn sem fengið hafa leyfi vátryggingartaka til að aka hinu vátryggða ökutæki. Þá greiðir félagið ekki bætur, þegar tjóni hefur verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysis vátryggðs, sbr. gr. 6.3 í skilmálunum. eru tjón eins og hér um ræðir því undanþegin bótaskyldu og verður X því ekki gert að bæta tjón M vegna þeirra skemmda sem urðu á A við útafaksturinn.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist ekki úr kaskótryggingu hjá X.

Reykjavík, 26. apríl 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 63/2005

M

og

vátryggingafélagið F

vegna verktakafyrirtækisins V

**Ágreiningur um bótaskyldu skv. frjálsri ábyrgðartryggingu
verktaka vegna tjóns á húseign í mars 2004.**

Gögn.

1. Málskot móttakið 1.4. 2005.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 119/2005.
3. Lögregluskýrsla, dags. 13.3. 2004.
4. Tjónstikynning/skýrsla V til F vegna ábyrgðartjóns, dags. 1.7. 2004.
5. Bréf lögmans M, dags. 24.5. 2004, tvö bréf dags. 7 júní 2004, og dags. 18. janúar 2005.
6. Bréf F, dags. 23.7. 2004, dags. 11.8. 2004 og dags. 18.4. 2005.
7. Ýmis gögn, þ.m.t. vátryggingarskilmálar og útprentanir tölvupósts.

Málsatvik.

Í marsmánuði 2004 fékk eigandi efri hæðar húseignar nokkurrar við Laufásveg í Reykjavík verktakafyrirtækið V til þess að vinna að breytingum á íbúð sinni. Fólst verkið í allumfangsmiklu múrbroti. Íbúar á neðri hæð hússins urðu varir við skemmdir á íbúð sinni, og rekja þeir og eigandi íbúðarinnar, M, tjónið beint til verkframkvæmdar verktakans. Var tjónið tilkynnt lögreglu þann 12. mars 2004, og af gögnum máls má ráða, að það var verulegt.

V hafði tekið frjálsa ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélaginu F. Beindi M bótakröfu vegna skemmda á íbúð sinni á hendur F sem ábyrgðartryggjanda V. Af hálfu F var kröfunni hafnað. Telur F að ábyrgð félagsins hafi verið fallin niður, þegar tjónsatvikið varð. Hafi gjalddagi iðgjalds vegna vátryggingartímabils, er átti að hefjast 1. janúar 2004, verið 20. janúar 2004, og eindagi iðgjaldsins 16. febrúar 2004. Lokaviðvörðun hafi svo verið send þann 12. maí 2004 og þá verið gefinn 10 daga frestur til að ganga frá greiðslu iðgjalds, en ella yrði vátryggingin felld úr gildi. Þar sem V hefði ekki innt af hendi greiðslu iðgjaldsins hafi skv. 1. mgr. 14. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 (VSL) ábyrgð félagsins verið niður fallin á tjónsdegi, en skv. þessu ákvæði sé mælt fyrir um það, að sé iðgjald við endurnýjun ekki greitt innan viku eftir að greiðslu hafi verið krafist, þá sé ábyrgð félagsins lokið. Samkvæmt 15. gr. VSL geti vátryggingarsamningurinn sem slíkur haldið gildi sínu í allt að þrjú mánuði eftir að greiðslu iðgjalds hafi verið krafist. Sé iðgjald þá enn ógreitt, falli vátryggingarsamningurinn úr gildi uppsagnarlaust, enda hafi félagið þá ekki hafið lögsókn til heimtu iðgjaldsins. Í lögnum sé þannig gerður greinarmunur á annars vegar gildi samningsins sem slíks og hins vegar ábyrgðar félagsins. Komi þessi greining skýrt fram í 3. mgr. 14. gr. VSL, þar sem kveðið er á um, að á meðan samningurinn sé ekki með öllu fallinn úr gildi, þá megi vátryggingartaki greiða iðgjaldið, og hefist þá ábyrgð félagsins að nýju frá því að greiðslan fór fram. Loks er bent á af hálfu F og áréttað, að í sameiginlegum skilmálum fyrir allar atvinnurekstrartryggingar F sé að finna ákvæði sem sé efnislega samhljóða 1. mgr. 14. gr. VSL.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Af hálfu M er því haldið fram, að ábyrgðartrygging V hafi verið í fullu gildi á tjónsdegi. Hafi F einhliða fært gjalddaga iðgjaldsins aftur á þann veg, að lokaviðvörðun hafi verið send þann 12. maí 2004, þar sem tíu daga frestur hafi verið gefinn til að ganga frá greiðslu. Hafi gjalddaginn því í raun verið 22. maí 2004. Frá þeim degi en ekki fyrr hefði F verið heimilt að fella váttrygginguna niður. Þá mótmælir M þeim sjónarmiðum F, að váttryggingin geti fallið niður með “afturvirkum” hætti eins og hér hátti til, þ.e. að ábyrgðin geti fallið niður þó að váttryggingarsamningurinn haldi gildi sínu.

Álit.

Að gefnu tilefni voru á sínum tíma mótaðar verklagsreglur váttryggingafélaga innan samtaka váttryggingafélaganna varðandi greiðslu váttryggingariðgjalds og ábyrgð félaga. Var markmiðið með þessum verklagsreglum einkum að bæta réttarstöðu váttryggðra í þeim tilvikum, að iðgjald hefði ekki verið greitt. Þessar verklagsreglur voru samþykktar í desember 1990, og þáverandi Tryggingaeftirliti kynntar þær sérstaklega í janúar 1991. Í verklagsreglum þessum, sem F mun hafa staðfest gagnvart Tryggingaeftirlitinu að hlíta, segir m.a., að vilji váttryggingafélag viðhalda váttryggingarsamningi eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því að greiðslu iðgjalds var krafist, og það er enn ógreitt, beri félagið ábyrgð á tjónum skv. váttryggingunni eins og iðgjald hafi verið greitt, enda hafi félagið með greiðsluáskorunum eftir þetta tímamark eða á annan hátt gefið váttryggingartaka ástæðu til að ætla, að váttryggingin væri enn við lýði. F var enn að reyna að innheimta iðgjaldið rúmlega fjórum mánuðum eftir að váttryggingartímabilið hófst. Með hliðsjón af þessu og þeim sjónarmiðum M, að F hafi vikið til hliðar ákvæðum váttryggingarsamningalaga um réttaráhrif vanskila á greiðslu iðgjalda í máli þessu, verður að líta svo á, að ábyrgð félagsins hafi verið fyrir hendi, er tjónið varð.

Niðurstaða.

Tjón M á húseign hans, sem varð í mars 2004, er bótaskyldt úr frjálstri ábyrgðartryggingu V hjá F.

Reykjavík, 11. maí 2005.

Rúnar Guðmundsson

Sigmar Ármannsson

Jón Magnússon

Mál nr. 64/2005

M

og

Vátryggingafélagið V hf. v/A

og

Vátryggingafélagið T hf. v/B

**Árekstur A og B í Tryggvagötu 11.11.2004
Ekið á kyrrstæða bifreið sem var lagt ólöglega.**

Gögn.

1. Málskot móttakið 04.04.2005.
2. Tjónstilkynning vegna umferðaróhapps 11.11.2004.
3. Greinargerð umráðamanns A dags. 25.03.2005.
4. Bréf V hf. dags. 25.11.2004.
5. Tölvupóstur málskotsaðila dags. 17.01.2005.
6. Bréf málskotsaðila dags. 18.01.2005.
7. Tölvupóstur V hf. dags. 18.01.2005.
8. Bréf V hf. dags. 08.02.2005.
9. Tölvupóstur málskotsaðila dags. 07.03.2005.
10. Vettvangsteikning.
11. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 107/2005.

Málsatvik.

Árekstur bifreiðanna varð með þeim hætti að ökumaður A ók utan í kyrrstæða hóp bifreið (B), sem lagt var á akrein Tryggvagötu til austurs á móts við veitingastaðinn Gauk á Stöng. A hafði verið lagt í stæði rétt norðan við veitingastaðinn og ökumaður bifreiðarinnar hafði beðið í nokkurn tíma eftir að hóp bifreiðin færi af stað en af því varð ekki. Mjög þröngt var útgöngu úr bifreiðastæðinu vegna B og annarrar hóp bifreiðar fyrir aftan B. Eftir nokkra bið reyndi ökumaður bifreiðarinnar A að aka úr stæðinu en svo óheppilega vildi til að hann ók utan í B er hann beygði til austurs út úr stæðinu og fram hjá B.

Álit.

Þegar skráningarskyld vélknúin ökutæki lenda saman fer um ábyrgð á tjóni eftir 89. grein umferðarlaga nr. 50/1987. Óumdeilt er að bifreiðin B var kyrrstæð er bifreiðinni A var ekið utan í hana. Bifreiðinni B var ólöglega lagt en það réttlætir ekki að ekið sé utan í hana með þeim hætti sem raun varð. Í gögnum málsins er ekki gerð grein fyrir hvort ökumaður A hafi óskað eftir því að bifreiðin B yrði færð úr stað til að greiða fyrir umferð úr stæðinu. Með hliðsjón af þessu er óhjákvæmilegt að leggja alla ábyrgð á ökumann A.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík 3. maí 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 69/2005

M og

Vátryggingafélagið V h.f. v. A) og

Vátryggingafélagið Y h.f. (Y)

vegna ábyrgðartryggingar H v. tjóns á búfé.

Umferðaróhapp þegar bifreið ók á hross á Hvalfjarðarvegi þ.20.4.2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7.4.2005. ásamt bréfi lögmanns M og málskjöllum 1-5
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 758/04
3. Lögregluskýrsla dags. 20.4.2004. og ljósmyndir.
4. Bréf Vátryggingafélagsins V h.f. dags. 13.10.2004 og 7.2.2005.
5. Bréf Vátryggingafélagsins Y h.f. dags. 25.4.2005.

Málsatvik.

Lögregla lýsir aðstæðum á vettvangi þannig að 6 hross hafi verið utan vegar og brún hryssa hafi legið dauð utan vegar skammt frá hrossahópnum. Ökumaðurinn sem ók á hrossið M segir að allt í einu hafi hann séð hrossahóp á veginum og hemlað en ekki náð að koma í veg fyrir að aka á hrossið sem drapst. Í lögregluskýrslu segir að hið hafi legið niðri að hluta inn í hólf sem hrossin voru geymd í. Lögmaður M krefst bóta fyrir hans hönd og bendir á í því sambandi m.a. 56.gr. vegalaga nr. 45/1994 þá bendir lögmaðurinn á að hlið að geymsluhólfi fyrir hrossin hafi legið niðri og því hafi hestarnir komist úr hólfinu og út á veginn í veg fyrir A. Y bendir á að vörslur hrossana hafi verið fullnægjandi, ástand girðina sé gott og hafi eiganda hestana ekki verið kunnugt um að hliðið hefði opnast.

Álit.

Lausaganga búfjár er bönnuð þar sem að umferðaróhappið varð. Ekki hefur verið sýnt fram á að vörslur hafi verið fullnægjandi í umrætt sinn. Eigandi hrossa ber ábyrgð á því að vörslum þeirra sé hagað með þeim hætti að þau komist ekki auðveldlega út á akveg eins og um var að ræða í þessu tilviki. Hlið að geymsluhólfi hrossana var opið þegar lögregala kom á vettvang. Eiganda hrossa eða vörsluaðila ber að hlutast til um að lokun á hliði sé með þeim hætti að fullnægjandi sé en ekki var um það að ræða í umrætt sinn og ber eigand hrossins því ábyrgð á tjóni á A en rétt þykir að fella niður bætur til handa eiganda hrossins.

Niðurstaða.

Bæta ber tjón á A úr ábyrgðartryggingu H hjá Y. Tjón á hesti bætist ekki.

Reykjavík 11.5.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 70/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vélsleða

og

Vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar vélsleða.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum áreksturs tveggja vélsleða.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7.4.2005 ásamt fylgiskjali dags. 5.4.2005.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrslur ásamt ljósmyndum.
4. Bréf Vátryggingafélagsins X, dags. 2.3.2005 og 22.4.2005.
5. Bréf Vátryggingafélagsins Y, dags. 26.4.2005, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 19.12.2004 voru þrír ungir piltar á tveimur vélsleðum, A og B að leik á Hauganesvegi skammt austan Ólafsfjarðarvegar. Óku þeir sleðunum til suðurs og upp á upphækkaðan veginn og stukku yfir hann. Upphækkun vegarins er um þrír metrar að norðanverðu og um einn metri að sunnanverðu. Breidd vegarins er um 7 m. Um 20-30 cm snjólag var yfir landinu beggja megin við veginn. M ók A. Er hann var á leið upp á veginn að sunnanverðu var B ekið yfir veginn úr norðri. Rakst B á vélarhlíf A. Þá var ákoma á hjálmi, sem M hafði á höfði sínu, eftir annað skíðið á B. Ökumenn sleðanna höfðu ekki öðlast réttindi til að aka vélsleðum. M hlaut alvarlega áverka á hrygg og mænu við slysið.

D, ökumaður B umrætt sinn, kvaðst hafa fengið sleðann lánaðan hjá vini sínum, E. Þeir hafi ekið til suðurs og stokkið yfir veginn og farið svo aftur til baka yfir veginn en á öðrum stað. Þannig hafi þeir ekið í hring og hafi hann og M verið búnir að fara nokkrar ferðir áður en slysið varð. Hafi hann beðið M að fara sunnan við veginn og sjá þegar hann stykki yfir veginn. M hafi verið búinn að stökkva yfir veginn og hafi hann beðið í smástund eftir það, en ekki séð til ferða M. Hann hafi svo ekið af stað og taldi að M myndi bíða eftir honum sunnan vegarins til að horfa á hann stökkva. Í stökkinu hafi hann séð M koma akandi á sleðanum beint á móti sér, en það hafi hann ekki átt að gera. Hafi hann ekkert getað gert til að afstýra því að lenda á M.

Í gögnum málsins er ekkert haft beint eftir M. Í skýrslu, sem tekin var af móður hans, hefur hún eftir honum að hann muni mjög lítið eftir slysinu. Hann muni eftir að hafa verið kyrrstæður utan við veginn og muni einnig eftir hinum sleðanum í loftinu. Hann mun ekki af hverju hann hafi verið á þeim stað, þar sem slysið varð, eða hver hafi verið aðdragandi slyssins.

Vitnið E kvaðst hafa ekið B, en lánað hann svo D. Við stökkið hafi þeir hagað sér þannig að sá sem var á undan að stökkva hafi stundum beðið eftir hinum eða ekið aftur norður yfir veginn. Sá sem hafi verið á eftir hafi hins vegar ekki stokkið fyrr en hann hafi verið öruggur um að enginn væri fyrir. D hafi verið búinn að taka tvö stökk áður en slysið varð. Hann hafi heyrt þegar D hafi beðið M að fara suður fyrir veginn og horfa á hann stökkva, en M hafi verið á undan að stökkva. E kvaðst hafa verið nokkuð langt fyrir norðan veginn. Hann kvað M hafa stokkið yfir veginn. Hann hafi séð M koma til baka og hafi hann verið að komast upp á veginn, en þá hafi D verið við það að stökkva. Sökum þess hve hár vegkanturinn var hafi D ekki séð til ferða M. Er M hafi verið að aka inn á veginn, hafi sleði D verið í loftinu. Hafi sleði D lent fyrst á vélarhlíf A og síðan hafi annað skíðið sennilega farið í hjálm M. Við það hafi M rúllað af sleðanum og staðnæmst í vegkantinum að sunnanverðu, en A hafi stöðvast á miðjum veginum. Taldi E að slysið hafi orðið fyrir misskilning milli M og D.

Vitnið F kvaðst hafa verið skammt sunnan við veginn að Hauganesi og séð A vera ekið til suðurs og síðan hafi ökumaðurinn stokkið yfir veginn. Hann hafi ekið aðeins til suðurs, snúið síðan við og ekið til baka að veginum á mjög lítilli ferð. Er ökumaðurinn hafi verið að komast upp á veginn á sama stað og hann stökk yfir hann, hafi annar sleði, B, komið fljúgandi yfir veginn og lent á M, ökumanni A. Hann hafi hins vegar verið aðeins frá slysstaðnum og því ekki séð nákvæmlega hvernig þetta gerðist. M hafi fallið af sleðanum og legið í vegkantinum, er hann kom að.

M hefur krafist bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu vélsleðans B, sem tryggður var hjá X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í máli þessu er þess einungis farið á leit að úrskurðað verði um skyldu X til greiðslu bóta til M úr lögboðinni ábyrgðartryggingu B. Engum vafa er undirorpið að slysið varð við það að vélsleðarnir A og B rákust saman. Um rétt M til bóta úr ábyrgðartryggingu B fer eftir 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þannig að tjónið skiptist á ökutækin að tilölu við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Mat á eigin sök tjónþola samkvæmt reglum 88. gr. ufl. kemur því ekki til álita hér.

Stjórnandi B stökk yfir veginn þótt hann hafi vitað eða mátt vita að M væri handan vegarins í hvarfi þannig að hann vissi ekki hvar M var nákvæmlega staðsettur. Hann sýndi því verulega óvarkárni með því að stökkva án þess að hafa áður fullvissað sig um áður að M væri engin hættu búin. Verður slysið að mestu rakið til þessarar óvarkárni stjórnanda B og telst hann því eiga megin sök á því hvernig fór. Af gögnum málsins má ráða að þeir, sem í umrætt sinn léku sér að því stökkva yfir veginn, höfðu þann hátt á að aka til baka yfir veginn á öðrum stað en þar sem þeir stukku yfir hann. M fór hins vegar til baka áleiðis upp á veginn á sama stað og þeir stukku yfir hann. Þá mátti hann búast við að á sama tíma yrði hinum sleðanum ekið í stökki yfir veginn á móti sér. Hann sýndi því nokkuð gáleysi með því að aka áleiðis upp á veginn á þeim stað þar sem B kom fyrirvaralaust á móti honum yfir veginn. Eftir atvikum þykir rétt að skipta sök þannig að stjórnandi B beri sök að 2/3 hlutum og M að 1/3 hluta. Í ljósi þessarar sakarskiptingar skal líkamstjón M bætast að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Niðurstaða.

X bæti líkamstjón M að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu vélsleðans B.

Reykjavík, 11. maí 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 73/2005

M

Vátryggingafélagið V h.f. vegna líftryggingar Í
Ágreiningur um hvort líftryggingartaki hafi sinnt upplýsingaskyldu.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 12.4.2005. ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 873/2005
3. Bréf V dags. 27.4.2005. ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

Eftirlifandi eiginmaður Í, M krefst tryggingarbóta úr líftryggingu Í, en Í andaðist fyrri hluta árs 2004. V hafnar bótaskyldu á þeim forsendum að Í hafi leynt V mikilvægum upplýsingum um heilsufar sitt við tryggingartöku. Lögmaður M bendir á að Í hafi verið seld líftrygging í maí 1993 og skilmálar ekki útskýrðir á nokkurn hátt eða gert grein fyrir skyldum tryggingartaka. Því er haldið fram af hálfu M að Í hafi verið í góðri trú varðandi upplýsingagjöf sína og á það bent að Í hafi andast um 11 árum eftir töku tryggingarinnar. Af hálfu M er því haldið fram að Í hafi verið í góðri trú. Þá er því einnig haldið fram að þeir sjúkdómar sem að Í steðjuðu árið 1993 þegar tryggingin var tekin hafi verið þess eðlis að þeir hefðu ekki átt að leiða hana til dauða. Þá er á það bent að dánarorsök sé ótengt þeim sjúkdómum sem að tryggingartaka steðjuðu árið 1993. Af hálfu V er því haldið fram að Í hafi leynt félagið mikilvægum upplýsingum um heilsufar sitt við tryggingartöku, á þeim forsendum að upplýsingagjöfin sé röng og með vísan til 4-6 gr. 1. nr. 20/1954 vátryggingarsamningalaga hafnar V að greiða bætur úr líftryggingu. V mótmælir að sölumaður tryggingar hafi ekki gefið nauðsynlegar upplýsingar við tryggingartöku. V rekur síðan að hvaða leyti upplýsingagjöf Í hafi ekki verið fullnægjandi. Af hálfu V er því haldið fram að vátryggingabeidni Í hefði ekki verið samþykkt af hálfu V hefði Í skýrt rétt frá í svörum við spurningum um heilsufar sitt.

Álit.

Fyrir liggur að Í gaf ekki réttar upplýsingar um heilsufar sitt þegar hún undirritaði beiðni um líftryggingu hjá V þ.18.5.1993. Með hliðsjón af 6.gr. laga nr. 20/1954 vátryggingasamningalaga er bótaréttur úr líftryggingunni ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr líftryggingu Í hjá V.

Reykjavík 17.5.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 82/2005

M

og

Vátryggingafélagið h.f. (V) v. kaskótryggingar bifreiðarinnar A

Bifreið varð fyrir tjón vegna áfoks skammt frá Möðrudal þ. 29.1.2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.19.4.2005. ásamt fylgiskjölum 1-12.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 188/05
3. Lögregluskýrsla dags. 1.2.2005.
4. Bréf V. dags. 6.5.2005.

Málsatvik.

M var á ferð um þjóðveg 1 á leið frá Egilsstöðum til Mývatns. M segir að skammt frá afleggjaranum niður Möðrudal hafi hann veitt því athygli að slitlagið á akbrautinni feyktist upp og skall á bifreið hans og hafi hann ekið 50-100 metra til að komast gegn um grjóthríðina og varð bifreið hans A fyrir skemmdum. M segir að það hafi verið hvasst í umrætt sinn. Skv. skýrslu frá Veðurstofunni var mjög hvasst umræddan dag. M krefst bóta úr kaskótryggingu A hjá V og bendir á að í umrætt sinn hafi klæðning farið af veginum og lent á bílnum. Ekki hafi eingöngu verið um sandfok að ræða og vísar M til staðfestingar Vegagerðarinnar og niðurstöðu tjónaskoðunar á A máli sínu til stuðnings. V hafnar bótaábyrgð og heldur því fram að umrætt tjón sé undanskilið bótaábyrgð með vísan til 1. gr. vátryggingarskilmála þeirra sem hér ræðir um en þar er undanskilið tjón vegna þess að laus jarðefni fjúka á bifreiðina. Þá telur V ósannað að slitlag akbrautarinnar hafi fokið á A.

Álit.

Skv. yfirlýsingu Sveins Sveinssonar vegagerðinni Austurlandi í tölvubréfi segir að mikið hvassviðri hafi verið þ.29.1.s.l. á Möðrudalsöræfum og hafi klæðning á vegi m.a. í Möðrudal fokið af veginum á nokkur hundruð metra kafla. Ekki liggur neitt fyrir í málinu sem hrekur þessa staðhæfingu starfsmanns vegagerðarinnar. Skv. vottorði veðurstofu sem lagt hefur verið fram af M mælist vindhraði í vindhviðum á Möðrudal síðdegis og fram á kvöld þ.29.1.s.l. allt upp í 34.3 metra á sekúndu. Skv. vátryggingaskilmálum þeim sem V vísar til segir í 1. gr. undir kaflaheitinu "Óveður" að vátryggingin bæti tjón á hinu vátryggða ökutæki vegna óveðurs ef ökutækið skemmist vegna áfoks eða áhruns af völdum óveðurs. Í sama kafla vátryggingaskilmálanna segir að með óveðri sé átt við veðurhæð sem mælist yfir 28.5 metra á sekúndu. Í greindum kafla vátryggingaskilmálanna segir að tjón af völdum sandfoks eða því að mól, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á ökutækið bætist ekki.

Sýnt hefur verið fram á af M að veðurhæð mældist meiri en 28.5 metrar á sekúndu og því um óveður að ræða skv. ofangreindum vátryggingaskilmálum. Þá liggur líka fyrir staðfesting á því frá Vegagerð ríkisins að klæðning f auk af veginum á þeim stað þar sem að M segist hafa orðið fyrir umræddu tjóni. Tjónaskoðun á bifreið M styrkir framburð hans um hvað átt hafi sér stað í umrætt sinn. Af öllu framangreindu virtu þykir M því eiga rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V vegna þess tjóns sem varð á A þ. 29.1.2005.

Reykjavík 20.5.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 86/2005

M

og

Vátryggingafélagið X vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar vinnuveitanda (H)

Vinnuslys á verkstæði þann 11. febrúar 2003.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. apríl 2005 ásamt fylgigögnum þar upp töldum.
2. Bréf vátryggingafélagsins, dags. 3. maí 2005.
3. Niðurstaða tjonanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 1005/2004.

Málsatvik.

Málshefjandi var við vinnu sína á verkstæði H. Hann var að vinna við bremsukerfi í vagni og var upp á vinnulyftu. Hann þurfti að sækja ryðolíu í nærliggjandi hillurekka u.þ.b. 4 m fyrir framan vagninn. Undir þessum hillurekka var vinnuborð þar sem að lagt hafði verið framhjólasterli af strætisvagni, u.þ.b. 40 – 50 kg að þyngd. Stellið var geymt þar vegna skorts á varahlutum. Málshefjandi þurfti að teygja sig yfir vinnuborðið og hjólasterlið til að ná í ryðolíubrúsann. Hann tók brúsann og sneri sér við til að ganga tilbaka. Féll hjólasterlið þá af vinnuborðinu og á hásin hægri fótar.

Málshefjandi telur slysið verða rakið til þeirrar saknæmu háttsemi starfsmanna H að skilja hjólasterlið eftir með þeim hætti sem gert var. Í kærú málshefjanda er áskilinn réttur til að gera athugasemdir við greinargerð vátryggingafélagsins í samræmi við 13. gr. stjórnisýslulaga.

Álit.

Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að tjon málshefjanda verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna H eða annarra atvika sem H geta borið skaðabótaábyrgð á. Vegna áskilnaðar um andmæli skv. 13. gr. stjórnisýslulaga skal áréttað að úrskurðarnefndin er ekki stjórnisýslunefnd í skilningi stjórnisýslulaga. Byggist sú afstaða m.a. á niðurstöðu álita umboðsmanns Alþingis. Í störfum sínum tekur nefndin mið að ákvæðum þeirra laga en er ekki bundin af þeim. Ekki var talið tilefni til í þessu tilviki að gefa málshefjanda kost á að tjá sig sérstaklega um greinargerð vátryggingafélagsins í málinu.

Niðurstaða.

Tjon málshefjanda bætist ekki úr frjálsri ábyrgðartryggingu H.

Reykjavík, 7. júní 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 91/2005

M og líftryggingarfélagið X

Ágreiningur um réttarstöðu vegna líftryggingar í kjölfar andláts Y í ágúst 2004

Gögn.

1. Málskot móttakið 03.05. 2005 ásamt fylgiskjölum 1 – 18.
2. Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar vegna málskotsins, dags. 10.05. 2005, ásamt fylgiskjölum 1 – 8.
3. Niðurstaða Tjónanefndar váttryggingarfélaganna nr. 212/2005.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

Váttryggingafélagið lætur þess m.a. getið að Y hafi stofnað til líftryggingar árið 1987 og að sú váttrygging hafi fallið niður vegna vanskila árið 1989, það sama ár hafi nýtt líftryggingarskírteini verið stofnað á grundvelli umsóknar í nóvember 1989. Sú váttrygging hafi verið í gildi fram til ársins 1993, þegar henni hafi verið sagt upp þann 20.01. 1993. Þann sama dag hafi Y sótt um nýja váttryggingu og það gerði sambýliskona hans einnig. Þessi váttrygging hafi verið í gildi þegar hann lést í ágúst 2004, af völdum kransæðasjúkdóms.

Félagið telur að váttryggingartaki hafi við töku váttryggingarinnar 1993 gefið rangar upplýsingar um heilsufar sitt. Félagið telur að þetta hafi verið upplýsingar sem hann hafi vitað að skiptu miklu málið fyrir félagið og hefðu leitt til þess að hann hefði ekki fengið viðkomandi váttryggingu. Félagið vísar þeim málflutningi á bug að hin nýja váttrygging hafi komið í stað eldri váttryggingar. Í því sambandi vísar félagið til uppsagnar viðkomandi aðila sjálfs, dags. 20.01. 1993.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. M telur að félagið geti ekki borið fyrir sig 6. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954, einungis hafi verið um endurnýjun váttryggingar að ræða á árinu 1993 sbr. fyrirliggjandi gögn þ. á m. rökstuðning lögmanns M og framlögð gögn.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum, þykir sýnt að váttryggingartaki hafi gefið rangar upplýsingar um heilsufar sitt við töku váttryggingarinnar á árinu 1993. Gegn neitun félagsins er ekki unnt að fallast á að um endurnýjun váttryggingar hafi verið að ræða. Váttryggingafélagið kveðst ekki hafa veitt váttryggingartaka váttryggingavernd hefðu réttar upplýsingar um heilsufar legið fyrir við töku váttryggingarinnar. Sú sérstaða máls þessa að váttryggingartaki sagði upp annarri váttryggingu á sama tíma og hann tók nýja váttryggingu, ásamt sambýliskonu sinni á árinu 1993, breytir ekki framanrituðu.

Með hliðsjón af framanrituðu og 6. gr. laga um váttryggingarsamninga er bótaréttur ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri líftryggingu sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaréttur er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 07.06. 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 113/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar

Ágreiningur um gildissvið málskostnaðartryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21.06. 2005, ásamt fylgiskjölum (1 – 7).
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.07. 2005.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 376/2005.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta. Fram kemur í málskotinu að vátryggingafélagið hafni því að ágreiningur M við fasteignasöluna Bakka og hinn löggilta fasteignasala eigi undir málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar. Fram kemur að nú er fyrir dómi ágreiningsmál sem lýst er í gögnum máls þessa. Vátryggingafélagið hafnar því að ábyrgjast kostnað vegna málsins á grundvelli málskostnaðartryggingar. Félagið vísar til þess að M eigi í ágreiningsmáli við félagið. Viðkomandi fasteignasali er ábyrgðartryggður hjá félaginu. Félagið vísar til vátryggingaskilmála og niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna. Það telur bótaskyldu ekki fyrir hendi.

M getur ekki fallist á sjónarmið félagsins, hann telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. þá röksemdafærslu sem fram kemur í málskotinu.

Álit.

Samkvæmt vátryggingaskilmálum bætir vátryggingin ekki málskostnað vátryggðs sé um að ræða ágreining við félagið. Nefndin telur að skýra verði umrætt ákvæði þröngt því gæta verður jafnræðis milli vátryggingataka félagsins eftir því sem unnt er. Telja verður að skýra verði ákvæðið á þann veg að um beinan ágreining þurfi að vera að ræða milli vátryggðs og félagsins sjálfs en að ákvæðið eigi ekki við þegar félagið er réttargæslustefndi líkt og í því tilviki sem hér er til umræðu. Nefndin telur óeðilegt ef það að mótaðili vátryggðs/M í þessu tilviki skuli vera með lögboðna starfsábyrgðartryggingu hjá félaginu eigi að valda því að um undanskilda áhættu sé að ræða. Tilgangur þess ákvæðis sem hér um ræðir er sá, að því er telja verður, að koma í veg fyrir að félagið þurfi að greiða málskostnað í ágreiningsmáli sem það á beint í við viðskiptavin sinn þ.e. vátryggðan í þessu tilviki. Svo er ekki í því tilviki sem hér um ræðir.

Umrætt ákvæði skilmála er villandi og það verður því skýrt vátryggðum í hag.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda málskostnaðartryggingar fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda málskostnaðartryggingar er fyrir hendi.

Reykjavík 9. ágúst 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 119/2005

**M
og**

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar einstaklings.

Ágreingur um bótaskyldu vegna rúðubrots í fólksbifreið þann 3.5.2005.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 1.7.2005.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna .
3. Tjónstilkynning ásamt reikningi.
4. Bréf X dags. 24.6.2005 og 8.7.2005 ásamt ljósriti úr skilmálum.

Málsatvik.

Að kvöldi tjónsdags hafði umráðamaður bifreiðarinnar A lagt henni í merkt bifreiðastæði á bak við líkamsræktarstöððina Þrekhúsið við Frostaskjól í Reykjavík við hliðina á KR-vellinum, en þar var hann ásamt öðrum að æfa knattspyrnu. Nokkuð há girðing er á milli knattspyrnuvallarins (gervigrasvallar) og bifreiðastæðisins. Skömmu síðar vildi það til að einn þeirra, sem þarna var við knattspyrnuíðkun, spyrnti knettinum yfir girðinguna svo hann lenti á aftari hliðarrúðu í A og braut hana.

Sá er spyrnti knettinum nýtur vátryggingarverndar úr ábyrgðartryggingu einstaklings hjá X. M er eigandi A og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingunni. Félagið hefur neitað bótaskyldu.

Álit.

Við því má ætíð búast í námunda við knattspyrnuvelli að knetti sé sparkað út fyrir völlinn þótt slíkt hafi ekki staðið til. Samkvæmt gögnum málsins verður ekki annað séð en það hafi gerst fyrir hreina óhappatilviljun að knettinum var í umrætt sinn sparkað út fyrir völlinn þannig að hann lenti á A. Er því ekki unnt að líta svo á að það hafi verið af völdum saknæmrar háttsemi þess er spyrnti knettinum hversu illa fór. Samkvæmt reglum skaðabótaréttar er því ekki fullnægt skilyrðum til að bótaábyrgð verði lögð á hann og að fenginni þeirri niðurstöðu eru heldur ekki skilyrði til að tjónið fái bætt úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist ekki.

Reykjavík, 9. ágúst 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 121/2005

M

og

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar
Ágreiningur um réttarstöðu vegna skemmda á bifreið þann 11.02. 2005.**

Gögn.

1. Málskot móttakið 04.07. 2005, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.07. 2005, ásamt fylgiskjölum.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 319/2005.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega.

Vátryggður var starfsmaður tjónþola. Hann hafði fengið leyfi til þess að nota húsnæði tjónþolans til að dytta af bifreið sinni en í húsnæðinu var fyrir bifreiðin í eigu tjónþola. Bifreiðin var í húsnæðinu til lagfæringar. Vátryggður var í leyfi frá vinnu sinni vegna veikinda þegar tjón máls þessa varð. Vátryggðum langaði til þess að hlusta á vélargang bifreiðarinnar RJ-342 og því gagnsetti hann bifreiðina eftir að hafa tengt rafgeymi hennar. Eftir að hann hafið hlítt á gang bifreiðarinnar gleymdi hann að aftengja rafgeymi hennar. Næsta morgun var viðgerð haldið áfram á bifreiðinni (við rafsuðu). Í framhaldi þessa urðu skemmdir á tölvukerfi bifreiðarinnar.

Vátryggingafélagið telur að vátryggður hafi haft bifreiðina í sinni vörslu í umrætt sinn og að það sé undanskilin áhætta samkvæmt vátryggingaskilmálum. Í skilmálum kemur fram að vátryggingin tekur ekki til tjóns á munum sem vátryggður hafa til afnota, til geymslu, eða eru af öðrum orsökum í þeirra vörslu. Vátryggingin bætir heldur ekki tjón á munum sem vátryggðu hafa tekið ófrálsri hendi.

Álit.

Álitaefni máls þessa er hvort vátryggður hafi haft umrædda bifreið í sinni vörslu samkvæmt vátryggingaskilmálum.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ekki unnt að fallast á að vátryggður hafi haft bifreiðina í sinni vörslu í skilningi vátryggingarskilmála. Með háttalagi sínu fór vátryggður út fyrir þær heimildir sem hann hafði til athafna í starfsstöð þess fyrirtækis sem hér um ræðir.

Með hliðsjón af framanrituðu er ekki unnt að bera fyrir sig umrætt ákvæði skilmála um undanskilda áhættu sem fjallar um vörslur.

Niðurstaða.

Vátryggður hafði ekki umrædda bifreið í sinni vörslu í skilningi vátryggingaskilmála. Um undanskilda áhættu er því ekki að ræða.

Reykjavík 3. ágúst 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 123/2005

**M
og**

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Vinnuslys við jarðbor þann 10.4.2003.

Gögn.

1. Málskot mótt ekið 4.7.2005 ásamt fylgigögnum nr. 1-7.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Bréf X, dags. 12.7.2005, ásamt fylgigögnum nr. 1-14.

Málsatvik.

M var að störfum ásamt fleiri starfsmönnum fyrirtækisins V við jarðboranir. Höfðu þeir unnið við að steypa utan um fóðringar í tiltekinni borholu og voru að taka upp svokallaðar borstangir eða borstreng. Losa þurfti um stangirnar og var það gert með því að tóg var sett utan um þær og einnig á spilkopp og stöngunum þannig snúið uns þær losnuðu. Meðan á þessu stóð var einn starfsmannanna við þann enda kaðalsins, sem gekk út af spilkoppinum, væntanlega í því skyni að halda tóginu strekktu á koppinum. Samkvæmt málgögnum er að sjá að mikil átök hafi fylgt því stafi og reynt á hendur manna. Í umrætt sinn hafði árangurslaust verið reynt að losa stangirnar á venjulegan hátt. Er sýnt þótti að það myndi ekki duga var brugðið á það ráð að bæta við öðru tógi á stangirnar, setja það á annan spilkopp og nota svo báða koppana í einu til að freista þess að losa um stangirnar. Þá var M fengið það verkefni að halda í enda tógsins sem gekk út af þeim koppi er síðar var bætt við. Stangirnar losnuðu ekki þrátt fyrir mikil átök. Er spilið var við það að stöðvast jók vaktformaður aðeins hraðann á spilinu og mun tógið þá hafa hnökrað á spilkoppinum og við það slóst tógið til í hendi M með þeim afleiðingum að hann missti tak á því og það slóst í vinstri hönd hans af miklu afli. Hefur varanlegur miski verið metinn 20% og varanleg örorka 30% vegna afleiðinga slyssins.

Meðan á framangreindum aðgerðum stóð munu starfsmenn ekki hafa vita annað en stangirnar ættu að vera lausar. Við athugun eftir slysið mun hins vegar hafa komið í ljós að fóðring hafi fallið saman neðan við 700 m dýpi og klemmst utan um stangirnar sem þar með voru fastar. Þá var um óvenjulega aðgerð að ræða og svo virðist sem þeir, sem að verkinu unnu, hafi ekki áður reynt að losa stangirnar með þeim hætti sem þarna var gert.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá X. Félagið hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki er að sjá að reynt hafi verið að grafast fyrir um ástæður þess að hin venjubundna aðferð til að losa um borstangirnar bar ekki árangur áður en gripið var til þess ráðs að bæta við öðru tógi og öðrum spilkoppi. Þá var þess ekki gætt sem skyldi við undirbúning og framkvæmd aðgerðarinnar að komast hjá að sláttur kæmi á tógið í þeim átökum sem framundan voru ef stangirnar væru eins fastar og raunin var, en mönnum var það ljóst að tógið gat slegist til ef það hnökraði á spilkoppinum. Verður að telja samkvæmt þessu að verkstjórn hafi ekki verið nægilega markviss og þess ekki gætt að verkið mætti fara þannig fram að af því stafaði sem minnst slyshætta. Verður slysið rakið til þess hversu verkstjórn var áfátt að þessu leyti. Ber því V sem vinnuveitandi M ábyrgð á líkamstjóni hans. Ekki verður annað ráðið en M hafi farið að tilmælum yfirmanna sinna við framkvæmd verksins og ekkert liggur fyrir um að M hafi lagt á ráðin um það hvernig að verkinu var staðið. Ekki eru efni til að gera því skóna að

M sé meðvaldur að slysinu og verði að sæta lækkun bóta af þeim sökum. Verður óskert bótaábyrgð því lögð á V og X þar með gert að bæta tjónið að fullu.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 9. ágúst 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 125/2005.

M

og

Vátryggingafélagið V v. sjúkdómatryggingar

Ágreiningur um greiðslur úr sjúkdómatryggingu.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.7.2005. ásamt fylgiskjölum 1-9 og bréf lögmanns M.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 346/03
3. Bréf V h.f. dags. 22.7.2005 ásamt fylgiskjölum 1-13.
4. Bréf V h.f. dags. 1.9.2003 ásamt greinargerð Jóhanns H. Jóhannssonar læknis.
5. Bréf lögmanns M dags. 15.9.2005.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir að M greindist með krabbamein í ágúst mánuði árið 2002. M fékk æxli í þvagblöðru sem var skorið burt þ.16.okt.2002. M sótti um bætur úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V vegna þessa en var hafnað. Af hálfu M er á það bent að höfnun V hafi verið byggð á því að um setbundið krabbamein væri að ræða en M hafi fengið þær upplýsingar við töku tryggingarinnar að hún tæki til allra tegunda krabbameina og á þeim grundvelli hefði M tekið trygginguna. Þá heldur M því fram að krabbamein hennar heyri ekki undir það sem undanskilið sé í tryggingaskilmálum og bendir á læknisvottorð dr. Guðmundar Vikars Einarssonar frá 14.6.2005 því til stuðnings. Af hálfu M er bent á að hún þurfi að vera undir eftirliti í 10 ár til að ganga úr skugga um hvort að krabbameinið komi aftur eða ekki og hún hafi orðið fyrir margháttaðu tjóni vegna þess. Af hálfu V er því haldið fram að sá sjúkdómur sem að M greindist með sé undanþeginn í vátryggingaskilmálum og félagið andmælir því að sölufulltrúi félagsins hafi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni. Skv. læknisvottorði sem áður er vikið að frá 14.6.2005 er kemur fram að ekki sé um svokallað “cancer in situ” eða setkrabbamein hjá M og gerð hafi verið regluleg blöðruspeglun á M og ekki hafi verið um endurkomu krabbameinsins að ræða. Í umræddu læknisvottorði kemur fram að alltaf sé erfitt að meta batahorfur en læknirinn telur þó að þær ættu að vera nokkuð góðar þó ekki sé hægt að fullyrða um slíkt. Í bréfi Jóhanns Heiðars Jóhannssonar læknis frá 29.8.2005 kemur fram varðandi sjúkdóm M að ífarandi vöxtur meinsins finnst ekki og krabbamein M því sambærilegt við setbundið krabbamein. Læknirinn segir síðan að ekki sé um ífarandi vöxt að ræða frá upprunastað krabbameinsins og er það síðan niðurstaða læknisins að krabbamein M sé setbundið krabbamein, ekki ífarandi, cancer in situ.

Álit.

Nefndin aflaði viðbótargagna frá því að máinu var vísað til nefndarinnar. Skv. vátryggingaskilmálum þeim sem hér ræðir um segir að vátryggingaþurður teljist einungis verða ef vátryggður greinist með einhvern þeirra sjúkdóma eða gangist undir einhverja þá aðgerð eða hendi eitthvað þeirra tilvika sem síðar eru greind í

vátryggingaskilmálunum. Varðandi krabbamein segir í vátryggingaskilmálunum “Illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi” Undanskilið er síðan sérstaklega m.a. “setbundið krabbamein, ekki ífarandi, cancer in situ.”

Að virtum öllum þeim lækisfræðilegu gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina ásamt öðrum gögnum þá liggur fyrir að krabbamein M verður ekki skilgreint sem illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vef. Ekki er því um bótaskyldt mein að ræða skv. vátryggingaskilmálum og á M því ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 6.10.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 126/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Ágreiningur um réttarstöðu vegna vinnuslyss 12.05. 2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið 06.07. 2005, ásamt fylgiskjölum 1 – 10.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.07. 2005, ásamt afriti af bréfi félagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna, dags. 13.06. 2005, og bréf lögreglustjórans í Reykjavík til vátryggingartaka, dags. 15.02. 2005.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 478/2005.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega. M slasaðist við vinnu sína er hann var að skipta um renninga í færibandi á vinnuvél. Þegar hann var búinn að skipta um renningana setti hann vélina í gang til að sjá hvernig færibandið væri og hvort ekki væri allt í lagi með það sem hann var að gera. Þegar vélin var komin í gang sá hann að hann hafði gleymt verkfærum en í stað þess að slökkva á vélinni ákvað hann að teygja sig inn fyrir og sækja verkfærin. Við það skall trompla í hnakka hans þannig að meiðsl hlutust af.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. þá röksemdafærslu sem fram kemur í málskotinu. Hann telur að rekja megi slysið til skorts á tilsögn, leiðbeiningu og eftirliti. Vinnuvélin hafi ekki verið í fullkomnu lagi því öryggisrofi var ekki tengdur við vélina.

Vátryggingafélagið telur bótaábyrgð ekki fyrir hendi. Slysið megi rekja til óhappatilviks en ekki mistaka starfsmanna/verkstjóra, vanbúnaðar vélarinnar eða annarra atvika sem vátryggingataki beri skaðabótaábyrgð á. M hafi unnið hjá vátryggingataka í 4 ár. Hann var vélamaður og vann við þessa vél og þekkti hana mjög vel. Hann hafi ekki þurft fyrirmæli eða leiðbeiningar frá vinnuveitanda til að vinna sitt verk. Vinnuvélin hafi haft fulla skoðun Vinnueftirlits og engar athugasemdir hafi verið gerðar við hana fyrir en á slysdegi. Athugasemdir eftirlitsins sem þá hafi verið gerðar eigi ekki við það slys sem hér um ræðir. Félagið telur að M hafi tekið áhættu þegar hann ákvað að sækja verkfærin eftir að hafa sett vélina í gang.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Virðist fyrst og fremst mega rekja vinnuslysið til aðgæsluleysis M er hann teygði sig eftir verkfærum sem hann hafði skilið eftir við eða á vélinni. Framanritaðs er getið þrátt fyrir þær athugasemdir sem getið er í skýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 12.05. 2004.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 3. ágúst 2005
Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 129./2005.

M

og

Vátryggingafélagið V h.f. vegna ábyrgðartryggingar H

**Maður hrasar um lausan hellustein á gangstétt á Suðurgötu í Reykjavík þ.
9.10.2004.**

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.7.2005 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.
3. Bréf V dags. 24.6.2005.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu skýrir M svo frá að hann hafi verið á léttu skokki norður Suðurgötu í Reykjavík eftir nýlega hellulagðri gangstétt vestan megin akbrautarinnar og hafi hann hrasað um lausan hellustein sem virtist hafa verið skilinn eftir ofan á nýlagðri gangstéttinni. M segir að í umrætt sinn hafi verið myrkur og lýsing ekki sérlega góð og segist M hafa hrasað og meitt sig þannig að hnéskel á hægra fæti hefði brotnað. H vinnur við að laga Suðurgötuna á þessum stað og segir verkstjóri H að líklega hafi einhver hans manna gleymt að taka umrædda hellu af gangstéttinni eftir að lokið hafi verið við að helluleggja. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá V og bendir lögmaður hans á að slysið hafi orðið vegna handvammnar starfsmanns H og vísar í dóma Hæstaréttar til stuðnings bótaskyldu. V hafnar bótaskyldu og bendir á að sumarið 2004 hafi hafist alger endurbygging Suðurgötunnar í Reykjavík og hafi gatan verið lokuð umferð og þegar slysið varð hafi verið unnið að lagningu nýs slitlags og nýrrar gangstéttar og hafi öll gatan verið afmörkuð sem vinnusvæði og ekki frágengin og því beri vegfarendum að sýna sérstaka varúð en þeim hafi mátt vera fulljóst að sýna þurfti sérstaka varúð við umferð um svæðið um sé því að ræða eigin sök M og óhappatilviljun.

Álit.

Af hálfu V er því haldið fram að svæðið þar sem að M varð fyrir tjóni hafi verið afmarkað sem vinnusvæði og hafi þeim sem um svæðið fóru mátt vera það ljóst. Þeirri staðhæfingu hefur ekki verið hnekkð og er hún því lögð til grundvallar. M bar því miðað við þær aðstæður að sýna sérstaka varúð og mátti því gera ráð fyrir að vegur og/eða gangstéttir sem þannig er ástatt með séu ekki auðar eða hindrunalausar. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík, 9.8.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 133/2005.

M og

Vátryggingafélagið V h.f. v. A og

Vátryggingafélagið U h.f. v. B

Árekstur bireiðar og bifhjóls í hringtorgi á Hringbraut í Reykjavík 17.5.2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.7.2005 ásamt fskj nr 1-7
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 395/05
3. Lögregluskýrsla dags. 17.5.2005.
4. Bréf Vátryggingafélagsins V dags. 1.8.2005.

Málsatvik.

A sem var í kennsluakstri var ekið á ytri akrein hringtorgs við Hringbraut í Reykjavík með fyrirhugaða akstursleið austur Hringbraut og B sem er bifhjól var ekið á innri akrein hringtorgsins með hægri beygju áleiðis vestur Eiðsgranda. Árekstur varð með ökutækjunum. Ökumaður A segist hafa verið með stefnumerki til vinstri að beiðni ökukennra þegar hún ók í umrætt sinn um hringtorgið og verið á mjög lítilli ferð. Ökukennari ökumanns A ber með sama hætti og ökumaður A og segist ekki hafa orðið var við B fyrr en árekstur varð. Ökumaður B segist hafa séð A í ytri hring og séð að A snarhægði ferðina og hafi nánast staðnæmst og hafi hann þá tekið beygjuna úr hringtorginu en þá hafi A skyndilega ekið í veg fyrir hann og árekstur orðið.

Álit.

Í umrætt sinn var A í kennsluakstri ekið hægt og með stefnumerki til vinstri skv framburði ökumanns A og ökukennara hennar. B ekur til muna hraðar en A í innri hring og ætlar sér að aka út úr hringtorginu á næstu gatnamótum en það var óvarlegt miðað við þær aðstæður sem voru fyrir hendi og ber B því sök á árekstrinum. Ökumaður A gætti ekki nægjanlegrar varúðar þegar hún ætlaði sér að aka framhjá gatnamótum í ytri hring en skv. framburði hennar varð hún ekki vör við B fyrr en árekstur varð. Rétt þykir því að hvor ökumaður beri helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík, 16.8.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 134/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns sem varð er bifreið var ekið á kantstein (járn) þann 20.02. 2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18.07. 2005, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.01. 2005, ásamt tölvupósti frá starfsmanni vátryggingartaka til félagsins, dags. 08.03. 2005.
3. Niðurstaða Tjónanefnar vátryggingarfélaganna nr. 392/2005.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega. Ágreiningur aðila er um hvort bótaskylda hafi stofnast vegna tjóns sem varð á bifreiðinni,, er henni var beygt frá Arnarbakka að Breiðholtsskóla. Bifreiðin slóst í steypustyrktarjárn u.þ.b. 50-60 cm langt sem stóð út úr brotnum kantsteini.

Vátryggingfélagið hafnar bótaskyldu, það telur að ekki verði séð að starfsmenn vátryggingartaka hafi á nokkurn hátt viðhaft saknæma háttsemi sem leitt geti til ábyrgðar. Samkvæmt frásögn starfsmanna vátryggingartaka bárust engar tilkynningar um brotinn kantstein né voru starfsmenn varir við að kantsteinninn væri brotinn. Ekki hafi verið sýnt fram á að eftirlitsskylda af háflu vátryggingartaka hafi verið vanrækt eða að borgin beri skaðabótaábyrgð á tjóninu af öðrum ástæðum.

M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi sbr. þá röksemdafærslu sem fram kemur í gögnum málsins.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi tjónsatburð þennan til vanrækslu starfsmanna vátryggingartaka eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Ekki er unnt að draga þá ályktun að eftirlitsskyldu starfsmanna vátryggingartaka hafi verið áfátt.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaskyldu samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 9. ágúst 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 142/2005.

M

og

Vátryggingafélagið V h.f. v. starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra(B)

Ágreiningur um ábyrgð byggingarstjóra vegna vatnstjóns í húseign þ.
15.10.2001.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.8.2005. ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 493/2005
3. Lögregluskýrsla/Tjónaskýrsla dags.
4. Bréf lögmanns M dags. 3.8.2005.
5. Bréf V dags. 10.6.2005 og 22.8.2005.

Málsatvik.

M varð fyrir tjóni þegar flæddi inn í hús hennar. Í ljós kom að ekki hafði verið lagt dren að húsinu með þeim hætti sem átti að gera skv. teikningum. Drenið var lagt ofan á klöpp en ekki undir botnplötu og því safnaðist vatn fyrir ofan húsið og braut sér síðan leið inn í húsið. Lögmaður M segir ekki ágreining við V um bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra nema hvað varðar bætur fyrir parket sem skemmdist auk þess sem verkfræðikostnaður sé að hluta til óbættur og ekki sé tekið tillit til lögmannskostnaðar M. V hefur samþykkt bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra að öðru leyti en því að félagið telur að tjón sem varð á parketi sé ekki bótaskyldt og vísar í því sambandi til 1.1. gr vátryggingarskilmála þar sem tekið er fram að almennt fjártjón sé bætt og heldur V því fram að hvað parketið varðar þá sé þar um munatjón að ræða sem falli ekki undir ákvæði vátryggingarskilmálanna. Þá er ágreiningur um bótafjárhæðir og tekur V fram að það samþykki að Úrskurðarnefndin fjalli um þann ágreining og bendir á að ágreiningur sé um þóknun til lögmanns M en boðin hafi verið fram ákveðin fjárhæð undir liðnum annað ótalið og ófyrirséð og hafi V talið að allur annar kostnaður annað en beinn verkkostnaður félli þar undir. Af hálfu M er þess krafist að tjónamat Hönnunar sem liggur fyrir í málinu verði lagt til grundvallar og lögfræðikostnaður verði bættur en varakrafa M er “að útlagður kostnaður skv. reikningum verktaka við uppsetningu drenlagna, frágangs drenlagna, frágangs garðs, málun innanhúss og endurnýjun gólfefnis innanhúss verði bætt auk sérfræðikostnaðar vegna framkvæmdar, eftirlits og sönnunar tjóns svo og kostnað vegna málareksturs(lögfræðikostnaður skv. vinnuskýrslum)”.

Álit.

Fallast ber á það með V að tjón á parketi í húsi M sé munatjón sem falli utan starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra skv. vátryggingaskilmálum þeirrar tryggingar sem um ræðir. Tjón á parketi bætist því ekki.

Hvað varðar ágreining um bótafjárhæðir þá er lagt fram af hálfu M kostnaðaráætlun sem unnin er af Hönnun h.f. dags. 25.2.2005 og byggir M á þeirri kostnaðaráætlun

skv. því sem fram kemur í bréfi lögmanns M dags. 3.8.2005 auk þess sem lögfræðikostnaður verði bætur. V byggir á endurskoðuðu tjónamati dags. 17.5.2005. Kostnaðarmat V hvað varðar þá verkþætti sem vinna þarf eru að öllu leyti það sama og fram kemur í kostnaðaráætlun Hönnun h.f., að undanskildu parketi því sem að ofan greinir. Þá er fallist af hálfu V á greiðslu kostnaðar vegna annars þ.m.t. umsjón og eftirlit kr. 220.000. Skv. kostnaðaráætlun Hönnun h.f. er gerð krafa um verkfræðikostnað kr. 60.000 annað og ófyrirséð kr. 50.000 og áfallinn verkfræðikostnað og lögfræðikostnað kr. 175.000 eða samtals kr. 285.000.- Af hálfu M hafa ekki verið lögð fyrir Úrskurðarnefndina gögn sem að sýni fram á rétmæti kröfu M umfram það sem V hefur boðið í greiðslu fyrir annan kostnað þ.m.t. lögmannskostnað og verkfræðikostnað. Úrskurðarnefndin hefur því ekki forsendur til að úrskurða að M eigi rétt á bótum sem nema hærri upphæð en þeirri sem að fram kemur í endurskoðuðu tjónamati V frá 17.5.2005. Hvað varakröfu M varðar þá hafa engin gögn verið lögð fyrir nefndina sem sýna fram á kostnað skv. varakröfunni og er hún algerlega vanreifud að þessu leyti og því engar forsendur til að fjalla frekar um hana.

Niðurstaða.

Tjón á parketi bætist ekki.

Eins og málið er lagt fyrir úrskurðarnefnd er tjónamat V frá 17.5. 2005 lagt til grundvallar þ.e. tjónamat án virðisaukaskatts kr. 530.000

Reykjavík. 13.9.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 146/2005.

M

Vátryggingafélagið V h.f. v. ábyrgðarliðar fasteignatryggingar H

Slys þegar kona datt í stiga þ.27. 4. 2003.

Gögn.

4. Málskot móttakið þ. 17.8.2005.ásamt fylgiskjölum 1-16
5. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 555/05
6. Bréf Sjóvá-Almennar tryggingar h.f. dags. 29.8.2005.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu segir M að hún hafi dottið um skó í efstu tröppu og dottið niður stiga í húsi þar sem hún var gestkomandi og við það tvíbrotnað á fæti. Í læknisvottorði Björns Zoëga læknis dags. 17.3.2004 segir að M hafi verið ófrísk og hafi hrasað og fengið slæmt brot á fótleggnum. M krefst bóta úr ábyrgðalið fasteignatryggingar H hjá V. Bent er á að stiginn þar sem M datt sé óvenju brattur og hafi efsta þrepið verið mjórra en hin þrepin og einungis 16 cm djúpt. Af hálfu M er bent á að hún sé ekki von að ganga bratta stiga og hafi ekki komið oft í umrædda íbúð. Því er haldið fram að ástæða þess að M datt í stiganum hafi verið sú að mörg pör af skóm og fleira dót hafi verið geymt í stiganum og hafi M farið sérstaklega varlega í umrætt sinn en samt dottið um skó sem geymdir voru í efsta þrepi stigans og telur M það vera á ábyrgð húseiganda að geyma ekki dót þar sem fólk getur dottið illa og meitt sig. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að slysið verði rakið til atvika sem að H beri ábyrgð á. Stiginn hafi verið brattur og hafi M borið að sýna sérstaka aðgæslu á leið niður stigann en M hafi skömmu áður gengið stigann upp og því átt og mátt vera ljóst hvernig aðstæður voru. Þá heldur V því fram að skór í stiganum hafi verið vel sýnilegir. V telur að ekkert liggi fyrir sem bendi til þess að slysið verði rakið til ófullnægjandi aðbúnaðar fasteignar, brotum á ákvæðum byggingareglugerðar eða annarra atvika sem H beri ábyrgð á.

Álit.

Af ljósmyndum af umræddum stiga að dæma er stiginn mjög brattur og ljóst að ganga verður þar um með varúð. M hafði gengið stigann upp og voru því ljósar aðstæður m.a. að dót m.a. skór voru geymdir í stiganum. Með vísan til þess og ekki hefur verið sýnt fram á sök hjá vátryggingataka á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið H hjá V.

Reykjavík. 13.9.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 151/2005

M

og
Vátryggingafélagið X v/A og B og C
og
Vátryggingafélagið Y v/D

Árekstur Breiðholstbraut þann 09.08. 2005

Gögn.

1. Málskot móttakið 25.08. 2005 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins X til nefndarinnar, dags. 08.09. 2005 ásamt skýrslu lögreglu.
3. Bréf vátryggingafélagsins Y til nefndarinnar, dags. 11.09. 2005.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 641/2005.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt. Bifreiðunum var ekið í sömu átt og var B fremst. Bifreiðunum var ekið á hægri akrein austur Breiðholstbraut yfir gatnamótin við Norðurfell. B var með kerru í eftirdragi og missti steypustyrkarjárn á götuna. Ökumaðurinn stöðvaði bifreið sína vegna þessa. Ökumaður D sem á eftir kom náði að stöðva bifreið sína en ökumaður A ók áftan á D og ökumaður C ók aftan á A.

Vátryggingafélagið X kveðst ekki taka afstöðu til máls þessa, gagnvart úrskurðarnefnd, vegna þess að A og B eru vátryggð hjá félaginu.

Vátryggingafélagið Y telur að ökumaður A beri ábyrgð að helming á móti B á því að aka aftan á D og ökumaður C beri ábyrgð að helming á móti B á því að aka aftan á A.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum má ráða að ökumaður B stöðvaði bifeið sína "til að sækja steypustyrkarjárn sem hann hafði heyrt detta af kerru sinni". Bifreið hans mun hafa verið kyrrstæð þegar ökutækin sem á eftir komu lentu saman. Lögreglan getur þess að steypustyrkarjárn eftir B "lágú á víð og dreif um vettvang og virðist sem ökutæki 2, 3 og 4 hafi runnið á járnunum og því skolið saman".

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum má ljóst vera að ökumaður B hafi ekki gætt þess að farmur kerru hans hafi verið nægjanlega festur. Ökumaðurinn gætti ekki fyrir mæla 3. mgr. 73. gr. umferðarlaga þar sem fram kemur að farm skuli flytja þannig að eigi hafi í för með sér hættu fyrir menn eða valdi munatjóni. Þess skal gætt að eigi sé hætta á að farmur dragist eftir akbraut eða falli á hana.

Áreksturinn virðist hafa orðið í beinu framhaldi af því að steypustyrkarjárn runnu af kerrunni. Þeir ökmenn á eftir komu áttu í erfiðleikum með að bregðast við þeirri hættu sem framundan var. Þegar tekið er mið af framanrituðu og hve snögglega hindrun var á vegi þeirra sem eftir komu á fjölfarinni akbraut ber ökumaður B ábyrgð á árekstri bifreiðanna.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð aðra öikumenn máls þessa.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstri þeim sem hér um ræðir.

Reykjavík 06. október 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 152/2005

M

og

Vátryggingafélagið X.

Réttur gangandi vegfaranda til bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26.8.2005 ásamt greinargerð (fylgiskjali), dags. 21.8.2005.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrsla ásamt upplýsingaskýrslu og gögnum um ákvörðun alkóhóls.
4. Bréf X, dags. 30.5., 10.6., 12.7. og 2.9.2005.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið norður Fríkirkjuveg. Skammt norðan Skálholtsstígs var M á gangi og varð fyrir A. Myrkur var, blautt færi og lýsing góð, þegar slysið varð. M mun hafa kennt eymsla í höfði og á hægri fæti. Alkóhól í blóði hans mældist 1,07 prómill. Engar skemmdir urðu á A, en sjá mátti að óhreinindi höfðu þurrkast af hægri frambretti og hægri framhurð hennar.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á eftir annarri bifreið, sem skyndilega var beygt til vinstri. Hafi hann þá veitt M athygli, þar sem hann stóð á akbrautinni. Hann hafi hægt á bifreiðinni og ætlað að aka á lítilli ferð vinstra megin fram hjá M. Þegar M hafi verið á móts við hægri frambretti A hafi M gripið í hún hægri framhurðar A, en í sömu andrá hafi hann rekist utan í hægri hlið A og fallið í götuna.

Í vettvangsskýrslu er haft eftir M að hann hafi ætlað að “húkka” leigubifreið, en bifreiðin hafi ekki stöðvað. Að öðru leyti hafi hann ekki verið viðræðuhæfur sökum ölvunar. Ekkert frekar er haft eftir M um slysið og aðdraganda þess.

Ökumaður leigubifreiðar, sem var ekið á undan A, kvað M hafa stokkið út á götuna í veg fyrir bifreið sína. Hann hafi beygt til vinstri til að forðast að aka á M. M hafi svo aftur farið út á akbrautina í veg fyrir A.

Ökumaður og þrír farþegar í bifreið, sem var ekið á eftir A, báru um málsatvik á svipaðan veg og ökumaður A.

Vátryggingafélagið X, ábyrgðartryggjandi A, hefur hafnað bótum til M, þar sem félagið telur að slysið verði ekki rakið til notkunar ökutækis í skilningi umferðarlaga auk þess sem það telur óumdeilt að M hafi valdi tjóninu með stórkostlegu gáleysi og af þeim sökum hafi hann fyrirgert rétti sínum til bóta.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins verður vart um það deilt að A var á ferð, þegar M lenti utan í henni og hann féll í götuna. Verður ekki fram hjá því litið að tjón A verður rakið til þeirrar ferðar sem var á A í umrætt sinn. Tjónið hlaut því af notkun A sem vélknúins ökutækis og því ber þeim, sem ábyrgð ber á ökutækinu, að bæta það, sbr. sérreglu 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hins vegar er ljóst að M var nokkuð ölvaður jafnframt sem hann hefur gengið út á götuna og rekist í hlið A. Með hegðan sinni sýndi M vítavert gáleysi sem jafnað verður til stórkostlegs gáleysis í skilningi 2. mgr. 88. gr. ufl. Verður tjón M að verulegu leyti rakið til hinnar gálausu hegðunar hans. Ber því að beita heimild 2. mgr. til að lækka bætur til M vegna þess líkamstjóns sem hann varð fyrir. Eftir atvikum verður að telja rétt að bætur lækki um helming og samkvæmt því bætist líkamstjón hans að hálfu.

Að því marki sem M kann að hafa orðið fyrir munatjóni, sem bæta skal skv. 3. mgr. 88. gr. ufl., þykir ljóst að um svo alvarlegt gáleysi var að ræða af hálfu M að beita ber heimild þeirrar málsgreinar til lækkunar slíkra bóta að fullu. Telst M því ekki eiga rétt til bóta vegna munatjóns sem hann kann að hafa orðið fyrir og bæta ber á grundvelli 3. mgr. 88. gr. ufl.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að hálfu úr ábyrgðartryggingu A. Munatjón M, sem skyldi bætt samkvæmt 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, bætist ekki.

Reykjavík, 6. október 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 153/2005

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar
bæjarfélags (vátryggingartaki)**

**Tjón er vatn flæddi upp um niðurföll í verksmiðjuhúsnæði 18.06. 2002,
ágreiningur um réttarstöðu.**

Gögn.

1. Málskot móttakið 26.08. 2005, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.09. 2005, ásamt bréfi vátryggingartaka dags. 27.05. 2004, kröfubréfi tjónpola dags. 01.12. 2002, bréfi félagsins til tjónpola dags. 17.02. 2003, bréfi vátryggingartaka dags. 25.03. 2003 og ljósmyndir.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 783/2004.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt. Í úrhellisrigningu varð tjón á húseign M þegar frárennislögn hafði ekki undan og yfirfylltist (frárennslis stíflaðist við útrennslisop). Ágreiningur er um skaðabótaábyrgð vegna þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð á þeirri forsendu að ekki sé um vanbúnað eða galla að ræða eða saknæma háttsemi af hálfu starfsmanna vátryggingartaka.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hann telur m.a. að hönnun útrásar hafi ekki ráðið við þær aðstæður sem fyrir hendi voru. Í dag sé búið að breyta útrásinni. Hann telur að starfsmenn vátryggingartaka hafi verið búnir að gera sér ljóst að hætta var á því að útrásin færi að stíflast og höfðu uppi áætlanir um að grafa frá henni sbr. nánar umfjöllun í málskotinu. M getur niðurstöðu í dómi Hæstaréttar nr. 207/1993 máli sínu til stuðnings. Óþarft er að gera frekari grein fyrir röksemdafærslu M sem fram kemur í gögnum málsins.

Fram kemur í bréfi bæjarritara, dags. 25.03. 2003, að ”fyrirhugað var að grafa frá útrennslisopinunni til þess að frárennslislið ætti greiðari leið út úr kerfinu. Raunar átti sú framkvæmd að vera afstaðin. Sú framkvæmd hafði ekki farið fram þann 17. júní. Þrátt fyrir að ekki var búið að grafa frá útrásinni sköpuðust ekki nein vandkvæði undir venjulegum kringumstæðum. Þann 17. – 19. júní rigndi óvenju mikið eða 126,8 mm, jafnframt var brim mikið og gekk það yfir útrásina. Ekkert tæki var til staðar til að grafa frá útrásinni 17. – 19. júní. Starfsmenn áhaldahúss gátu komist að útrásinni þann 19. júní og náðu þeir að losa stein sem hafði fest þar í briminu. Ljóst var að þessi steinn olli því að lögnin var full og skapaði m.a. þau vandræði sem urðu....” Fram kemur og að það sé ”mat starfsmanna áhaldahússins að minni hætta hefði skapast ef framkvæmdum við útrásina hefði verið lokið en útiloka ekki að miðað við þær aðstæður sem sköpuðust þessa daga þá hefði þetta samt sem áður getað átt sér stað”.

Álit.

Nefnt bréf bæjarritara verður ekki skilið á annan veg en þann en að starfsmönnum bæjarins hafi verið kunnugt um þá hættu sem fyrir hendi var og að fyrirhugað hafði verið að grafa frá útrennslisopinunni en því hafði ekki verið komið í verk.

Þegar tekið er mið af fyrirbyggjandi gögnum má ráða að tjónatburð máls þessa megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna váttryggingartaka og vanrækslu á varúðarráðstöfunum sem váttryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á. Starfsmönnum váttryggingartaka var ljós sú hættu sem fyrir hendi var. Þeir hefðu þurft að gæta sérstaklega að þeim aðstæðum sem sköpuðust. Með hliðsjón af framanrituðu ber váttryggingartaki sönnunarbyrði um að skilyrði bótaábyrgðar séu ekki fyrir hendi. Honum hefur ekki tekist að sýna fram á að hann beri ekki ábyrgð á því tjóni sem varð.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 6. október 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 157/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.

Umferðaróhapp á Langholtsvegi í Reykjavík við gatnamót Álfheima þann 20.8.2005.

Gögn.

1. Málskot móttekið 30.8.2005.
2. Lögregluskýrsla ásamt ljósmyndum.
3. Bréf X, dags. 24.8. og 7.9.2005, ásamt frekari ljósmyndum.

Málsatvik.

M ók bifreið sinni A austur Langholtsveg og ætlaði að beygja til hægri suður Álfheima. Er hann var staddur á miðjum gatnamótunum ákvað hann að bakka til vesturs eftir Langholtsvegi. Kvaðst M hafa ætlað að tala við kunningja sinn sem hafi verið á gangi vestur Langholtsveg. Bakkaði þá M yfir umferðarmerki á miðri akbrautinni og einnig á umferðarljós, sem fór á hliðina. Þá urðu skemmdir á A. Samkvæmt gögnum málsins var M 17 ára gamall þegar áreksturinn varð. Hann hafði öðlast ökuréttindi um einum og hálfum mánuði fyrir umferðaróhappið.

A var kaskótryggð hjá Vátryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta úr tryggingunni vegna skemmda á A. X hefur hafnað bótum með vísan til gr. 6.3 í skilmálum, en samkvæmt því ákvæði greiðir félagið ekki bætur, þegar tjóni hefur verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi vátryggðs eða ökumanns. Telur félagið að M hafi bakkað á mikilli ferð blindandi, þ.e. án þess að líta milli sæta út um afturrúðu bifreiðarinnar. Hann hafi ekki fylgt reglum umferðarlaga, er hann bakkaði og ekki hafi verið aðstæður við gatnamótin, sem eru fjölfarin, til að aka aftur á bak.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Sýnt þykir að M hefur ekki gætt nægilega að því sem fyrir aftan hann var, er hann ók A aftur á bak í umrætt sinn. Verður tjón það sem hlaust í óhappinu, þ. á m. á A, rakið til gáleysis M. Á hinn bóginn hefur ekki verið sýnt fram á að gáleysi M verði metið sem stórkostlegt gáleysi. Eru því ekki næg efni, sbr. 2. mgr. 18. gr. og 20. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, til að lækka eða fella niður rétt M til bóta úr kaskótryggingu A.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist að fullu úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá X.

Reykjavík, 6. október 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 159/2005.

M

og

Vátryggingafélagið V h.f. v. hópslysatryggingar K

Ágreiningur um bótaskyldu vegna meiðsla á knattspyrnuæfingu þ. 17.7.2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.1.9.2005. ásamt fylgiskjölum 1-3.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 876/2003
3. Bréf V h.f. dags. 13.9.2005 ásamt fylgiskjölum 1-13

Málsatvik.

M segir að hann hafi verið á knattspyrnuæfingu sumarið 2002 og staðið í þvögu leikmanna þegar hornsþyrna var tekin og hann stökkið upp ásamt öðrum leikmanni og rekist á leikmanninn í uppstökkinu og við það fengið hnykk á hægri hné og meiðst illa. Skv. yfirlýsingu S. G. þá rakst hann utan í M í umrætt sinn og skv. yfirlýsingu S. M. þá segist hann hafa orðið vitni að þessum atburði. M krefst bóta úr hópslysatryggingu K hjá V en V hafnar bótaskyldu og segir ágreining um málsatvik þar sem að skv. fyrstu lýsingu M hafi hann stökkið upp í skallabolta og þá hafi eitthvað gefið sig í hægri hné og komið hafi í ljós að liðþófi hafi rifnað þessi lýsing M hafi komið fram bæði í áverkavottorði og tjónstilkynningu. V bendir á að það sé nokkru síðar sem að sú atvikalýsing sem að höfð er hér eftir M komi fram. V telur að ekki sé um slys að ræða í skilningi vátryggingaskilmála. Þá vísar V til ákvæða vátryggingaskilmála sem undanskilja slys sem vátryggðir 16 ára og eldri verða fyrir keppni eða æfingar til undirbúnings fyrir keppni og telur V að þessi undanþága eigi við þar sem að atburðurinn hafi átt sér stað á æfingu meistaraflokks K.

Álit.

Skv. 9. gr vátryggingaskilmála þeirra sem hér ræðir um eru undanskilin slys sem vátryggðir 16 ára og eldri verða fyrir við keppni eða æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Þeirri staðhæfingu V að í umrætt sinn hafi M verið á æfingu til undirbúnings fyrir keppni í knattspyrnu hefur ekki verið hnekk. Þegar af þeirri ástæðu er ekki um bótaskyldu V að ræða úr hópslysatryggingu K

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr hópslysatryggingu K hjá V.

Reykjavík. 6.10.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 159/2005

Endurupptaka

M

og

Vátryggingafélagið V v/ hópslysátryggingar og

slysátryggingar fjölskylduátryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna meiðsla á knattspyrnuæfingu þ. 17.7.2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.9.2005. ásamt fylgiskjölum 1-3.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 876/2003
3. Bréf V dags. 13.9.2005 ásamt fylgiskjölum 1-13
4. Tölvupóstur V dags. 11.10. 2005 þar sem fram kom beiðni um endurupptöku.

Málsatvik.

M segir að hann hafi verið á knattspyrnuæfingu sumarið 2002 og staðið í þvögu leikmanna þegar hornspyrna var tekin og hann stökkið upp ásamt öðrum leikmanni og rekist á leikmanninn í uppstökkinu og við það fengið hnykk á hægri hné og meiðst illa. Skv. yfirlýsingu S.G. þá rakst hann utan í M í umrætt sinn og skv. yfirlýsingu S.M. þá segist hann hafa orðið vitni að þessum atburði. M krefst bóta úr hópslysátryggingu K hjá V en V hafnar bótaskyldu og segir ágreining um málsatvik þar sem að skv. fyrstu lýsingu M hafi hann stökkið upp í skallabolta og þá hafi eitthvað gefið sig í hægri hné og komið hafi í ljós að liðþófi hafi rifnað þessi lýsing M hafi komið fram bæði í áverkavottorði og tjónstilkynningu. V bendir á að það sé nokkru síðar sem að sú atvikalýsing sem að höfð er hér eftir M komi fram. V telur að ekki sé um slys að ræða í skilningi vátryggingaskilmála. Telur félagið að miða verði við fyrri frásögn tjónþola að þessu leyti þar sem einungis kemur fram “að eitthvað hafi gefið sig í hné” þegar hann stökk upp í skallabolta. Varðandi frítímaslysátryggingu þá vísar V til ákvæða vátryggingaskilmála sem undanskilja slys sem vátryggðir 16 ára og eldri verða fyrir keppni eða æfingar til undirbúnings fyrir keppni og telur V að þessi undanþága eigi við þar sem að atburðurinn hafi átt sér stað á æfingu meistaraflokks K.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirbyggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að tjónsatburð máls þessa megi rekja til utanaðkomandi atburðar í skilningi vátryggingaskilmála. Gegn neitun félagsins er ekki unnt að leggja til grundvallar síðari tíma frásagnir aðila. Greiðsluskylda er því ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri hópslysátryggingu sem hér um ræðir.

Samkvæmt vátryggingaskilmálum frítímaslysátryggingar eru undanskilin slys sem vátryggðir 16 ára og eldri verða fyrir við keppni eða æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Þeirri staðhæfingu V að í umrætt sinn hafi M verið á æfingu til undirbúnings fyrir keppni í knattspyrnu hefur ekki verið hnekkt. Þegar af þeirri ástæðu er ekki um greiðsluskyldu V að ræða.

Niðurstaða.

M hefur ekki sýnt fram á greiðsluskyldu þeirra vátrygginga sem hér um ræðir.

Reykjavík. 25.10.2005

Rúnar Guðmundsson hdl.
Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 165/2005.

M

Vátryggingafélagið V h.f. v. frjálsrar ábyrgðartryggingar S ehf

Vinnuslys þegar maður datt á milli þaksperra þ. 2.3.2000.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 7.9.2005
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 592/2005
3. Bréf lögmanns M ásamt fylgiskjölum 1-6.
4. Bréf V h.f. dags. 19.9.2005.

Málsatvik.

M var að leggja tjörutexplötur ofan á þaksperrur og hrasaði og féll niður á milli þaksperra og niður á plötubúnt og handleggsbrotnað. Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins segir að M hafi notað álstiga sem hefði verið lagður þvert á þaksperrurnar og hafi stigin hvílt á 4-6 sperrum þegar honum var snúið þvert á legu þeirra. M mun hafa snúið stiganum langsum með legu sperrana þegar hann var kominn 3-4 metra inn á þakið og lenti stigin milli sperra með þeim afleiðingum að tjörutexið brast og M fell niður á milli sperrana. Skv umsögninni er orsök slyssins sú að ekki voru gerðar nægjanlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi við vinnu á þakinu og er vísað til reglugerðar nr. 504/1999. Lögmaður M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V og bendir á að slysið hafi orðið vegna vanbúnaðar á vinnustaðnum og vanrækslu vinnuveitanda á að gæta fyllsta öryggis starfsmanna. Lögmaður M bendir á að M hafi ekki getað að því gert að svo fór að hann datt á milli sperra þar sem hann hefði verið með plötu í fanginu þegar stigin rann til með þeim afleiðingum sem hér greinir. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ósannað sé að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna vátryggingatoka, ófullnægjandi verkstjórnar eða vinnuadstæðna eða þess að réttra öryggisráðstafana s.s. fallvarna hai ekki verið gætt. Þá bendir V á að M sé húsasmíðameistari að mennt og hafi átt vegna menntunar sinnar og reynslu að gera sér fulla grein fyrir þeirri hættu að snúa stiganum á þakinu svo sem hann gerði. V telur að slysið verði rakið til óhappatilviks sem að vátryggingataki beri ekki skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að ekki hafi verið gerðar nægjanlegar ráðstafanir vegna vinnu á þakinu svo sem að þar til greindar reglur bjóði að séu til staðar. Vátryggingataki ber því sök á því hvernig fór í umrætt sinn. M er vanur húsasmíðameistari og átti að gera sér það vel grein fyrir aðstæðum að hann ber einnig sök á slysinu og þykir rétt að M beri tjón sitt sjálfur að hálfu vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S. hjá V en ber helming tjóns sins sjálfur vegna eigin sakar.

Reykjavík. 11.10.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 166/2005

**M
og
vátryggingafélagið X**

Ágreiningur um rétt til endurupptöku ákvörðunar bóta fyrir líkamstjón.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7.9.2005.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Matsgerð tveggja lækna, A og B, dags. 22.4.2003.
4. Fullnaðaruppgjör og skaðabótakvittun, dags. 14.7.2003.
5. Álitsgerð örorkunefndar, dags. 25.5.2004.
6. Bréf vátryggingafélagsins X, dags. 14.1., 9.7, og 12.10.2004, og 19.9.2005.

Málsatvik.

Þann 7.6.2000 slasaðist málskotsaðili (hér eftir nefnd M), þá 20 ára gömul, á hægri hendi, er hún vann við að þrifa hnoðvél. Bótaábyrgð var viðurkennd af hálfu vinnuveitanda hennar og vátrygginganda hans, vátryggingafélagsins X.

Með matsgerð tveggja lækna, A og B, dags. 22.4.2003, voru metnar varanlegar afleiðingar M af völdum slyssins. Er matið var framkvæmt var M í fæðingarorlofi með sex vikna gamalt barn, en á meðgöngu og fram í 27. viku hafði hún unnið í eldhúsi á dvalarheimili fyrir aldraða. Hafði hún verið í 80% starfshlutfalli, en ekki meira vegna veikinda eldra barns. Í matsgerðinni, kafla er nefnist samantekt og álit, kemur fram að M hafi ekki fengið neina ákveðna meðferð eftir slysið. Hún virðist ekki hafa misst úr vinnu eða þurft að minnka starfshlutfall vegna áverka sem hún hlaut í slysinu. Það sem matsmenn kveða að liggja til grundvallar mati þeirra er að um sé að ræða merkjanlega hreyfiskerðingu í úlnlið og álagstengd óþægindi. Óþægindin munu þó ekki draga úr vinnugetu eða minnka getu hennar til tekjuöflunar í framtíðinni. Var niðurstaða þeirra að heilsufar hafi orðið stöðugt einum mánuði eftir slysið, varanlegur miski væri 5%, en varanleg örorka engin.

Þann 14.7.2003 var líkamsjón M svo gert upp á grundvelli matsgerðarinnar. Var tekið við bótunum af hálfu M sem fullnaðaruppgjóri án fyrirvara, bæði úr sammingsbundinni slysatryggingu launþega og frjálsri ábyrgðartryggingu vinnuveitandans samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum.

Með beiðni, dags 10.2.2004, var af hálfu M farið þess á leit við örorkunefnd að afleiðingar slyssins yrðu metnar að nýju. Í álitsgerð örorkunefndar, sem er dags. 25.5.2004, eru tilgreind þau gögn sem fylgdu matsbeiðni. Er þar getið tveggja vottorða heilsugæslulæknis, dags. 1.3.2002 og 14.11.2003. Kemur þar m.a. fram að M hafi leitað til heimilislæknis þann 28.6.2000 og þá hafi hún átt í erfiðleikum með að beita handleggnum auk þess sem fannst fyrir vel þreifanlegu þykkildi. Ákveðið var að sjá til, en síðan komi fram að M hafi seinna verið vísað til sjúkrahjálfunarmedferðar vegna vaxandi óþæginda. Þá lá fyrir örorkunefnd nóta frá lækni, sérfræðingi í bæklunarskurðlækningum, dags. 3.11.2003, þar sem segir m.a.: "Sjúklingur er verulega aum þegar hún extenderar af krafti á móti mótstöðu í dig. III, IV og V, sérstaklega í dig. III og IV, þá er hún einnig helaum við extension móti mótstöðu í ECRL og ECRB."

Í niðurstöðukafla álitsgerðarinnar kemur fram að M segist hafa daglega verki, bæði í hvíld og einnig við áreynslu, og leiði verk fram í IV. og V. fingur hægri handar, sem stundum séu dofnir. Hún finni mest til við eftir áreynslu og hafi auk þess átt í erfiðleikum með að skrifa og

vinna við tölvu, kveðst hún af þessum sökum hafa lagt á hilluna áform um frekara nám, en hún sé aðeins grunnskólagengin. Við skoðun hjá nefndinni hafi komið í ljós nokkur hreyfiskerðing í hægri úlnlið, en einnig skyntruflun ölnarmegin í hægri hendi og eykst dofi við þrýsting á ölnartaug við hægri úlnlið. Taldi nefndin að afleiðingar slyssins muni, þegar fram líða stundir, draga úr möguleikum M til að afla vinnutekna. Var álit nefndarinnar að M hafi ekki getað vænst frekari bata af afleiðingum slyssins eftir 1.9.2000. Varanlegur miski af völdum slyssins var metinn 8% og varanleg örorka var metin 5%.

M hefur farið fram á endurupptöku bótamálsins, sbr. 11. gr. skaðabótalaga. Þegar hún fór í fyrra matið hafði hún ekki stundað fulla vinnu eftir slysið vegna veikinda barns og eigin veikinda á meðgöngu. Eftir að hún fór að stunda vinnu versnuðu einkenni hennar til muna. Hún hafi reynt að starfa sem dagmóðir, en orðið að hætta því. Með álitsgerð örorkunefndar hafi verið gerðar breytingar á fjórum liðum af fimm, þ. á m. hafi varanlegur miski hækkað úr 5% í 8% og varanleg hækkað úr því að vera engin í 5%. Í tilviki þessu sé því um að ræða verulegar breytingar.

X hefur hafnað beiðni M um endurupptöku. Telur félagið að hækkun varanlegs miska um 3% (úr 5% í 8%) og 5% varanlega örorku ekki fela í sér verulega ófyrirsjáanlega versnun í skilningi skaðabótalaga.

Álit.

Samkvæmt 11. gr. skaðabótalaga er heimilt að taka upp að nýju ákvörðun um bætur fyrir varanlegan miska eða örorkubætur að fullnægðu því skilyrði að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu tjónþola þannig að ætla megi að miskastig eða örorkustig sé verulega hærra en áður var talið. Þegar litið er til heilsu M eftir slysið eins og henni er lýst annars vegar í matsgerð þeirra A og B og hins vegar í álitsgerð örorkunefndar verður að ætla að heilsa M hafi versnað nokkuð á þeim 13 mánuðum sem liðu milli þess að mötin voru framkvæmd. Það fær einnig stöð í fyrrgreindum vottorðum heilsugæslulæknisins og bæklunarskurðlæknisins að breytingar hafi orðið á heilsu hennar á nefndu tímabili. Er helst að sjá að breytingar þessar hafi orðið í kjölfar þess að M hóf að nýju störf utan heimilis. Með því að heilsufarsbreytingar þessar hafa leitt til þess að varanleg örorka er metin 5% í stað þess að vera engin, eins og fyrri matsgerð sagði til um, verður að telja að verulegar breytingar hafi orðið á varanlegri örorku í tilviki M. Verður því að fallast á það með henni að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi.

Niðurstaða.

Taka ber til greina kröfu M um endurupptöku skaðabótamáls gagnvart váttryggingafélaginu X vegna afleiðinga slyss þann 7.6.2000.

Reykjavík, 11. október 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 167/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/ slysatrygginga

Ágreiningur um rétt til endurupptöku bóta úr þremur slysatryggingum.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14.9.2005.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrsla og tjónstilkynning.
4. Örorkumat, dags. 21.7.2003, ásamt þremur læknisvottorðum, dags. 30.1, 13.2. og 25.2.2002.
5. Umboð, dags. 9.1.2003 og skaðabótakvittun, dags. 28.7.2003.
6. Tvö læknisvottorð, dags. 30.1. og 6.5.2005
7. Þrjú bréf systur M, dags. 28.1., 21.7. og 24.8.2005 og athugasemdir hennar, ódags.
8. Fjögur bréf X, dags. 8.3., 31.8., 16.9. og 28.9.2005.

Málsatvik.

Að kvöldi 19.10.2001 var málskotsaðili M að koma af björgunarsveitaræfingu í heimabyggð sinni. Mun hann þá hafa runnið á hálku dottið og að líkindum skolið með höfuðið í gangstétt. Var komið að honum meðvitundarlitlum og í fyrstu var talið að hann væri ölvaður og var fluttur til síns heima síðar um nóttina. Tveimur dögum síðar kom í ljós við rannsókn stórt blóðhlaup í hægri heilahveli. Var hann fluttur til bráðaaðgerðar á Landspítala háskólasjúkrahús í Fossvogi, en við þá aðgerð kom í ljós útbreidd utanbastsblæðing (subdural hematoma) sem var tæmd út. Eftir slysið var M þungur yfir höfði og hafði fundið fyrir slæmu minni og einbeitingu, jafnframt sem borið hafi á skapgerðarbreytingum, geðsveiflum og stundum ranghugmyndum. Kvaðst M finna fyrir almennu úthaldsleysi, þreytu og kúlðaópoli. Hann hefur ekki treyst sér til fyrri starfa við sjómennsku, en þess í stað reynt létt hreyfanlegt starf sem hafi gefist illa. Með örorkumati lækni, dags. 21.7.2003, var komist að þeirri niðurstöðu að M hafi hlotið töluvert höfuðhögg við slysið og búi við allnokkur einkenni heilaskaða sem afleiðingu utanbastsblæðingar og aðgerðar á heila. Var varanleg lækisfræðileg örorka af völdum slyssins metin 35%.

Þann 28. júlí 2003 fékk M greiddar örorkubætur hjá X á grundvelli örorkumatsins úr þremur slysatryggingum, sem gáfu M rétt til bóta vegna slyssins. Af hálfu M var litið svo á að um fullnaðar- og lokauppgjör hafi verið að ræða úr öllum tryggingunum og M hafi tekið við bótagreiðslunum án allra fyrirvara.

Með bréfi, dags. 28.1.2005, er því lýst af hálfu M að hann hafi hlotið meiðsl á hægri hendi í slysinu og að hann hafi greinst með psoriasis sem einnig megi rekja til slyssins. Í læknisvottorði, dags. 6.5.2005, kemur fram að M hafi dvalist á sjúkrahúsi til endurhæfingar 13.11. til 20.12.2001 og þá hafi farið að bera á festumeini í hægri olnboga, eða svokölluðum tennisolnboga, en fyrir slysið hafi M verið laus við slíkan kvilla. Í bréfi dags. 21.7.2005 er m.a. að því fundið að ekki hafi verið fenginn óháður læknir til að meta afleiðingar slyssins og ekki hafi verið haft samband við aðstandendur M í tengslum við matsgerðina vegna andlegar vanhæfni M til að tjá sig um vandamál sín.

Hefur af hálfu M verið farið þess á leit að málið verði tekið upp að nýju. X hefur hafnað þeirri málaleitan, þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að forsendur hafi brostið fyrir uppgjörinu við M sem fram fór 28.7.2003.

Álit.

Fyrir úrskurðarnefnd liggja ekki fyrir gögn sem gefa til kynna að við uppgjörið 28.7.2003 hafi af hálfu M verið tekið við bótum eða ritað undir yfirlýsingar um að í uppgjörinu hafi falist fullnaðar- og lokauppgjör. Hins vegar er heldur ekki að sjá að M hafi gert fyrirvara eða athugasemdir við uppgjörið fyrir en bréf var ritað fyrir hans hönd til X þann 28.1.2005. Í skaðabótakvittunum mun á hinn bóginn hafa komið fram sú afstaða X að um fullnaðar- og lokagreiðslur hafi verið að ræða. Þar sem svo langur tími leið frá uppgjörinu uns brugðist var við af hálfu M þykir mega líta svo á að í umræddu uppgjöri hafi falist fullnaðaruppgjör bóta til hans. Verður málið því ekki tekið upp að nýju nema sýnt sé fram á að forsendur uppgjörsins hafi brostið.

Ekki verður af fyrirliggjandi gögnum, hvorki læknisvottorðum né öðrum bréfum, ráðið að heilsa M hafi versnað svo eftir uppgjörið í júlí 2003 að skilyrði endurupptöku séu talin vera fyrir hendi. Engin læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu sem staðreyna að tennisolnbogi í hægri handlegg eða psoriasis, sem M mun nú búa við, verði rakin til slyssins. Loks verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á með fyrirliggjandi gögnum að örorkumatið, sem lagt var til grundvallar fyrrgreindu bótauppgjöri, hafi verið svo illa úr garði gert eða ólögmat sjónarmið hafi búið að baki framkvæmd þess að það hafi verið ónothæft sem sönnunargagn um örorku M.

Að öllu framangreindu virtu verður að svo stöddu ekki fallist á að skilyrði séu fyrir hendi til endurupptöku á uppgjöri bóta til M vegna slyssins 19.10.2001.

Niðurstaða.

Réttur M til endurupptöku bóta úr þremur slysatryggingum hjá X vegna slyss sem hann varð fyrir þann 19.10.2001 er að svo stöddu ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 25. október 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 172/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar

**Ágreiningur um réttarstöðu í kjölfar þjófnaðar úr íbúð
þann 15.08. 2005.**

Gögn.

1. Málskot móttakið 21.09. 2005, ásamt fylgiskjölum þ.á m. skýrslu lögreglu.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.09. 2005.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 691/2005.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

Farið var inn um glugga í íbúð M, sem var ólæstur á 7. hæð. Vinnupallar voru við húsnæðið. Lögreglan getur þess að “hægt er að komast upp vinnupallana og inn í viðkomandi íbúðir, en vinnupallarnir liggja alveg upp við svalir íbúðanna.” Tilteknum munum var stolið sem getið er í gögnum málsins.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu með vísan til 6. – 7. liða 3. gr. vátryggingarskilmála. Í 6. lið segir að það sé skilyrði greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Í 7. lið segir að það sé t.d. ekki eðlileg aðgát ef skilið er eftir við ólæsta íbúð mannlausa. Hér sé um hlutlæga ábyrgðartakmörkun að ræða.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Óþarft er að geta umfjöllunar hans.

Álit.

M staðhæfir að verktakar sem voru við vinnu við húsið hafi fært vinnupalla til þann dag sem farið var inn í íbúð hans á 7. hæð. Fram kemur að vinnupallar hafi ekki verið þarna er hann fór til vinnu sinnar og að hann hafi skilið eftir smá rifu. Þessari umfjöllun hefur ekki verið andmælt.

Í 6. lið 3. gr. vátryggingaskilmála segir að það sé skilyrði greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.

Í því máli sem hér er til umræðu hefur ekki verið sýnt fram á að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að um innbrot hafi verið að ræða. Vegna þessa er greiðsluskylda vátryggingafélagsins ekki fyrir hendi. Svo virðist sem farið hafi verið inn um opinn glugga.

Úrskurðarnefndin hefur í máli þessu einungis fjallað um ágreining um greiðsluskyldu samkvæmt fjölskyldutryggingu M. Málskotið fjallar ekki um hvort viðkomandi verktaki kunni að hafa bakað sér skaðabótaábyrgð.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 25. október 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 180/2005**M****og****Vátryggingafélagið X v/ innbústryggingar og fasteignatryggingar.****Ágreiningur um ákvörðun bóta vegna vatnstjóns.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 10.10.2005 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 1.11.2005, ásamt fylgigögnum.
3. Athugasemdir málskotsaðila samkvæmt bréfi móttæknu 24.11.2005.

Málsatvik.

Þann 29.3.2005 fór rör í sundur við ofn í svefnherbergi á heimili M. Kveður M að um 10 cm djúpt vatn hafi legið yfir svefnherbergisgólfinu og mikil gufa hafi myndast sem olli tjóni í herberginu og öðrum nálægum vistarverum. Hafði M samband við tryggingafélag sitt, X, sem útvegaði mann til að hreinsa upp vatnið og aðstoða við þurrkun. Að öðru leyti hafi tjónið ekki verið skoðað af hálfu X. Að svo búnu hafi iðnaðarmenn komið til að standsetja húsnæðið og hafi það tekið fjóra mánuði. Kostnaður við það hafi numið samtals 754.132 krónum og sundurliðist svo:

Gólfdukur	kr. 66.000
Listar	kr. 18.500
Vinna við dúk og spörslun	kr. 75.000
Fataskápur (IKEA)	kr. 180.000
Málningarvinna og spörslun	kr. 45.000
Vinna smíðaverktaka	<u>kr. 369.632</u>
Samtals	<u>kr. 754.132</u>

Vinna smíðaverktakans hafi einkum falist í því að rífa niður fataskáp og setja upp nýjan auk efnis, viðgerð á gluggakistu ásamt slípun og efni, viðgerð á hringstiga ásamt efni og loks viðgerð á hurðarkarmi ásamt efni. X hafi greitt í bætur vegna alls þessa 472.400 krónur og nemi óbættur mismunur því 281.732 krónum.

Tjón á innbúi kveður M að hafi numið samtals 231.199 krónum sem sundurliðist svo:

Þvottur í hreinsun	kr. 12.000
Vinna við hreinsun o.fl.	kr. 40.000
Hjónarúm (Hagkaup)	kr. 120.000
Stóll í viðgerð	<u>kr. 59.199</u>
Samtals	<u>kr. 231.199</u>

Þá kveður M að ekki hafi fengist bætur fyrir nánar tilgreinda persónumuni. Hins vegar hafi X greitt upp í tjónið 112.000 krónur. Samkvæmt gögnum málsins verður ekki annað ráðið en X hafi einnig bætt viðgerð á stól með 59.199 krónum að frádreginni eigin áhættu, 17.100 krónum. Virðist óbættur mismunur úr innbústryggingunni þannig nema 60.00 krónum (231.199-112.000-59.199).

Af málalítilbúnaði M er að skilja að kvörtun hans lúti að því að X hafi ekki bætt tjón hans að fullu úr framangreindum vátryggingum eða sem nemi samtals 341.732 krónum (281.732+60.000) áður en tillit er tekið til eigin áhættu í innbústryggingunni.

X hefur hafnað frekari bótagreiðslum. Þegar tilkynning barst um tjónið hafi verktaki verið kallaður til, sem alvanalegt sé að kalla til í málum sem þessu. Hafi hann gripið til fyrstu nauðsynlegu ráðstafana ásamt því að meta tjónið. Rætt hafi verið um að gefa herberginu nokkra daga til að þorna og M myndi svo hafa samband við X, ef frekari skemmdir kæmu þá fram svo unnt væri að leggja endanlegt mat á tjónið. M hafi hins vegar ekki haft samband fyrir en búið var að rífa og farga ýmsum munum sem félaginu var aldrei gefinn kostur á að skoða og meta ástandið á. Kveður X að M hafi gripið til einhliða til aðgerða sem hafi verið of viðurhlutamiklar miðað við það tjón sem í raun varð og réttmætt sé að fella undir tjónið. Þannig hafi verið fengnir nýir sólbekkir sem eru allt annarrar gerðar en þeir sem fyrir voru, skipt hafi verið um fataskáp fyrir gamlan og farið hafi verið í mun dýrari framkvæmdir varðandi gólfefni, þar sem gólfflísar hafi verið settar í stað vinylgólfduks. Þá hafi hjónarúmi verið fargað án þess að X hafi verið gefinn kostur á að meta ástand þess og möguleika á að setja það í viðgerð. Vísar X í þessum efnum til ákvæða í skilmálum um að vátryggður skuli gefa félaginu kost á að skoða og meta tjón áður áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.

Tjónamat X vegna tjóns á fasteigninni nemur samtals 472.400 krónum sem sundurliðast svo:

Sólbekkir og málning	kr. 60.000
Gólfdukur	kr. 182.400
Skápur	kr. 130.000
Viðgerð á stiga	<u>kr. 100.000</u>
Samtals	<u>kr. 472.400</u>

Þá kveður X tjón úr innbústryggingunni nema 171.199 krónum sem sundurliðast svo:

Stóll í viðgerð	kr. 59.199
Þvottur í hreinsun	kr. 12.000
Viðgerð á fururúmi	kr. 60.000
Vinna við hreinsun o.fl.	<u>kr. 40.000</u>
Samtals	<u>kr. 171.199</u>

Álit.

M ber að sýna fram á hvert tjón hans hefur orðið af völdum vátryggingaratburðarins. Af hálfu X er því haldið fram að í ýmsum tilvikum hafi viðgerð á húseigninni orðið umfangsmeiri og dýrari en ástand eignarinnar fyrir tjónsatburð gaf tilefni til. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi með skýrum hætti gefið X tækifæri til að skoða það sem skemmst hafði áður en því var fargað eins og mælt er fyrir í þeim skilmálum sem hér eiga við. Ekki hefur verið sýnt fram á með viðhlítandi sönnunargögnum að tjónamat X, sem það hefur lagt til grundvallar bótagreiðslum sínum, sé of lágt. Við svo búið telst M ekki eiga rétt til frekari bóta en hann hefur þegar fengið.

Niðurstaða.

M, telst ekki eiga rétt til frekari bóta úr hendi X.

Reykjavík, 1. desember 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 184/2005

M

og

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs
Vinnuslys, þegar unnið var við sögun á frauðplasti, þann 04.10. 2004**

Gögn.

1. Málskot móttakið 18.10. 2005, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.10. 2005, ásamt fylgiskjölum.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 732/2005.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var að vinna við niðursögun á frauðplasti í hjólsög þegar hann fór með vísifingur og þumalfingur vinstri handar í sagarblað með þeim afleiðingum að meiðsl hlutust af. Félagið hafnar bótaábyrgð, það telur að vinnuveitandi M hafi uppfyllt leiðbeiningarskyldu sína og að slysið verði rakið til óhappatilviks sbr. nánar umfjöllun félagsins í bréfi, dags. 26.10. sl.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hann telur að rekja megi slysið til vanrækslu á leiðbeiningar-skyldu vinnuveitanda. M sé ungur, reynslulaus og hafi verið nýbyrjaður á vinnustaðnum þegar slysið varð. Nánar er vísað til röksemdafærslu lögmanns M sem fram kemur í bréfi hans til vátryggingafélagsins, dags. 05.09. sl. Hann telur að frásagnir aðila staðfesti að starfsmenn hafi verið látnir vinna við sögina "án þess að hafa fengið nokkra tilsögn og kennslu". Hann telur að engin skipuleg kennsla eða fræðsla hafi farið fram. Efnislega kemur fram að það hafi þótt vera "nægilegt að yngri menn fylgdust bara með....".

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur vátryggingartaki, þ.e. vinnuveitandi M, ekki sýnt fram á að starfsmenn hafi fengið leiðbeiningar með fullnægjandi hætti en störf M fólust m.a. í því að vinna við hættulegar vélar og því mikilvægt að gæta þess að leiðbeina starfsmönnum vel áður en vinna var hafin. Þetta er mjög mikilvægt og ekki síst þegar um "akkorðsvinnu" er að ræða og ungur aldur starfsmanns og reynsluleysi. Verður vátryggingartaki að bera hallann af sönnunarskortu í þessu efni. Hann ber því ábyrgð á slysinu.

M átti þrátt fyrir ungan aldur og takmarkaða starfsreynslu að sýna meiri aðgæslu við vinnu sína, hann ber því nokkra ábyrgð á því hvernig fór.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum skerðist réttarstaða M um 1/3 vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Réttarstaða M skerðist um 1/3 vegna eigin sakar.

Reykjavík 22. nóvember 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 186/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður slasaðist í skóflu vinnuvélar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20.10.2005 áamt fylgiskjölum nr. 1-9.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Bréf X, dags. 2.11.2005, ásamt fylgigögnum nr. 1-4.

Málsatvik.

Þann 8.8.2002 vann M ásamt vinnufélaga sínum, B, við að koma brunnlokum fyrir á holræsi í Vallahverfi í Hafnarfirði. Brunnar höfðu verið byggðir upp ofan á holræsalögn. Skurður sem holræsalögnin lá í var opinn og hafði því ekki verið fyllt að brunnunum, er þeir M og B unnu að því að koma lokunum fyrir ofan á brunnunum. Komu þeir tveimur brunnlokum fyrir í skóflu á beltagröfu og ætluðu að flytja þau í skóflunni hvort að sínum brunni. M stjórnaði gröfunni. Er hann hugðist aka af stað hafði M sest í skófluna við hlið lokanna. Við hreyfingu gröfunnar runnu lokin til og við það klemmdist M á þremur fingrum hægri handar.

Í tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins um slysið, dags. 14.8.2003, segir að M og B hafi sett lokin í skófluna ofan á hvort annað. Síðan hafi M sest í skófluna við hliðina á lokunum, en þegar vélin var hreyfð runnu lokin til. M hafði haldið um efra lokið “og varð á milli þegar það datt niður fyrir aftan hitt lokið.” Tilkynningin er m.a. undirrituð af B.

Í tilkynningu V, vinnuveitanda M, til tryggingafélags síns, X, dags. 14.8.2003, er tildrögum slyssins lýst á sama veg og í tilkynningu til Vinnueftirlitsins.

Í lögregluskýrslu, sem tekin var af M þann 19.11.2004, kvaðst hann hafa sett brunnlokin upp í skófluna. Að svo búnu hafi hann farið sjálfur upp í skófluna að beiðni B, sem hafi ætlað að láta hann koma lokunum fyrir á brunnunum úr skóflunni. Er B lyfti skóflunni og snéri gröfunni hafi annað lokið runnið til og hann klemmst. M kvaðst hafa unnið í nokkur sumur hjá V við malbikunarstörf, en verið í umræddu starfi í um einn mánuð. Hann kvaðst ekki vita hvort þetta hafi verið venjubundin vinnubrögð, allavega hafi hann ekki áður séð að lokunum hafi verið komið fyrir með þeim hætti sem þarna var gert.

Í lögregluskýrslu, sem tekin var af B þann 15.12.2004, kvaðst hann hafa unnið við umrætt verk ásamt M. M hafi séð um að stýra lögnunum saman meðan hann hafi stjórnað vinnuvélinni, en hún hafi verið notuð eins og um krana hafi verið að ræða í þessu tilfalli. Skurðurinn hafi verið um 3 m breiður og um 3 m djúpur. M hafi sett tvö lok í skófluna, en um leið og hann hreyfði skófluna til hliðar hafi M sest í hana ásamt því að brunnlokin hafi farið af stað og klemmt finger M. Hann hafi séð er brunnlokin fóru af stað en ekki er þau lentu á M. Hann hafi svo séð í andliti hans að eitthvað hafði komið fyrir. Kvað B það ekki vera venjubundin vinnubrögð að hafa mann í skóflu og koma brunnlokunum fyrir með þeim hætti. Yfirleitt sé skóflan sett niður í skurðin og menn þannig hífðir upp ef þarf, en það sé ekki oft. Þar sem ekki hafi verið búið að fylla upp í skurðinn hafi hugmynd hans verið sú að koma skóflunni fyrir áður en M færi upp í hana. Kvað B að M hafi kunnað til verka þótt þetta hafi verið hans fyrsta sumar í vinnu hjá honum. Áður en M slasaðist hafi þeir verið búnir að ganga frá fjórum til fimm lokum þennan sama dag.

Á óundirrituðu minnisblaði er greint frá símtali við verkstjóra M þann 16.9.2003. Kemur þar fram að M hafi fengið fyrirmæli um að setja brunnlokin í skófluna og koma þeim á brunnana.

Hins vegar hafi hann ekki verið beðinn um að fara sjálfur með skóflunni í umrætt sinn og telur verkstjórinn að ekki hafi verið þörf á slíku og ekki ætlast til að svo hafi verið gert. Það hafi hins vegar aldrei verið bannað, en starfsmenn verði að beita heilbrigðri skynsemi við störf sín.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá X, þar sem hann kveður tjónið verða rakið til saknæmrar háttsemi vinnufélaga síns og óforsvaranlegra vinnuaðferða sem beitt var við framkvæmd verksins. Þá hafi V sönnunarbyrðina um það sem ekki telst upplýst í málinu, þar sem samtímagögn skortir um rannsókn slyssins sökum þess að V vanrækti lögbundna tilkynningarskyldu sína. X hefur hafnað bótaskyldu með þeim rökum að M hafi ekki fengið tilmæli um að setjast upp í gröfuna, enda slíkt ekki verið venjuleg vinnubrögð. M hafi ekki lotið verkstjórn B, stjórnanda gröfunnar. Þá telur V það ekki hafa áhrif að lögreglu eða Vinnueftirliti var ekki tilkynnt strax um slysið.

Álit.

Fyrir liggur samkvæmt tilkynningu til Vinnueftirlitsins og í tilkynningu V til X um slysið að M hafi verið kominn upp í skófluna áður en hún var hreyfð úr stað. Stjórnandi gröfunnar átti því að gera sér ljósa grein fyrir því að M var í skóflunni, þegar hann lyfti skóflunni og snéri henni. Hann átti ennfremur að gera sér grein fyrir hættu þeirri sem fólst í því að hreyfa skófluna undir þessum kringumstæðum. Verður að virða það honum til sakar að hafa hreyft skófluna eins og hér stóð á. Þá var það látið átölulaust af hálfu vinnuveitanda þótt starfsmenn væru í skóflunni meðan grafan var á ferð eða hreyfingu þrátt fyrir þá hættu sem í því kann að felast. Ber V sem vinnuveitandi M ábyrgð á líkamstjóni hans. Ekki þykir nægilega sannað af gögnum málsins að til þess hafi verið ætlast af yfirmönnum M að hann tæki sér far í skóflunni eins og hann hugðist gera. Á því þykir mega byggja að það hafi verið hans ákvörðun að setjast í skófluna. Hann átti að gera sér fulla grein fyrir hættunni sem í því fólst. Hann sýndi því nokkuð gáleysi og verður því að bera sjálfur tjón sitt að hluta vegna eigin sakar. Eftir atvikum þykir rétt að skipta sök til helminga þannig að hann fái tjón sitt bætt að hálfu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist að hálfu.

Reykjavík, 22. nóvember 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 187/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Vinnuslys, þegar brettaskífa í slípirokki brotnaði, þann 24.04. 2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24.10. 2005, ásamt fylgiskjölum þ. á m. skýrslu lögreglu.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.11. 2005, ásamt afriti af bréfi félagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna, dags. 02.09. 2005, tölvupósti félagsins til lögmans M, dags. 12.08. 2005, tölvupóstsamskipti félagsins og vátryggingartaka 07.06. 2004, tjónstilkynningu, dags. 10.05. 2004, tilkynningu vátryggingartaka, dags. 03.05. 2004, tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 29.04. 2004.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 708/2003.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M vann ásamt fleirum við niðurrif á hluta skólabyggingar. Hann var að skera í sundur vatnsrör og loftræstistokk með slípirokki. Skyndilega skaust slípirokkurinn upp og í andlit M þannig að meiðsl hlutust af.

M telur að slípirokkurinn hafi fests og síðan losnað og þá hafi hann misst takið á rokknum með fyrrgreindum afleiðingum. Hann telur að vinnuveitandi sinn hafi vanrækt tilkynningarskyldu til Vinnueftirlits ríkisins. Vinnuveitandinn hafi tilkynnt slysið til lögreglu tæpri viku eftir slysið. M telur að vinnuveitandinn/vátryggingartaki eigi að bera hallann af því. Máli sýnu til stuðnings vísar M til dóms Hæstaréttar í málum nr. 154/2000 og 282/1991. M vekur athygli á því m.a. að handfang hafi vantað á slípirokkinn en handfangið hafi þann tilgang að hafa meiri stjórn á rokknum. M missti vald á rokknum og e.t.v. vegna þess að handfangið vantaði. M telur lykilatriði í því hvernig fór að handfangið vantaði, hann telur að vinnuveitandinn eigi að bera halla af því sbr. dóm Hæstaréttar í máli 282/1991. Fram kemur og að M var ekki með öryggishlíf fyrir andliti, sem hefði getað komið í veg fyrir tjónið. Eina hlífin sem hann hafi verið með voru skíðagleraugu sem hann telur ófullnægjandi með tilliti til eðlis verksins.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur að um óhappatilvik hafi verið að ræða og að slysið verði ekki rakið til mistaka starfsmanna/verkstjóra, vanbúnaðar slípirokksins eða annarra atvika sem vátryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á. Félagið vísar til þess m.a. að samkvæmt skýrslu lögreglu hafi M misst takið af slípirokknum, "líklega við það að skífan brotnaði". Skífan mun hafa verið ný og M nýbúinn að setja hana í rokkinn. Ekkert sé fram komið sem bendi til þess að skífan hafi verið gölluð. Ástæða þess að handfangið hafi verið tekið af slípirokknum sé sú að það hafi þótt nauðsynlegt svo unnt væri að komast að vatnsröri og loftræstistokki sem skera átti. Þetta sé algengt við þröngar aðstæður. Félagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á að slípirokkurinn sé á neinn hátt óruggari án handfangsins, en ljóst sé að hafa verður gott tak á rokknum þegar unnið er með þeim hætti. Bent er á að öryggishlíf hafi verið yfir skífunni og því að mati félagsins ekki um að ræða að slípirokkurinn hafi verið

vanbúinn. Félagið bendir og á að M hafi verið með hlífðargleraugu er slysið gerðist og því ekki um að ræða ófullnægjandi persónuhlífar.

Álit.

Frásögn M verður lögð til grundvallar varðandi aðdraganda slyssins. Hann getur þess í tjónstilkynningu að hann hafi verið á vinnupalli við að skera loftræstistokka og vatnslagnir með slípirokk með skurðarskífu, skífan ”brotnar, festist og kastaðist snögg upp í andlit”. Takmörkuð rannsókn fór fram á tildrögum slyssins. Skífan sem notuð var virðist ekki hafa verið varðveitt. Slysið var ekki tilkynnt opinberum aðilum (Vinnueftirliti og lögreglu) fyrr en tæplega viku eftir að það varð. Engin rannsókn fór fram á skífunni. Vinnuveitandinn verður að bera hallann af þeim skorti sem er á upplýsingum um aðstæður á vettvangi þ. á m. hvers vegna skífan brotnaði. Slípirokknum virðist og hafa verið áfátt vegna þess að handfang vantaði á hann. M er ungur að árum (f. 1986) og með takmarkaða starfsreynslu.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og takmörkuðum upplýsingum máls þessa er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Fyrirliggjandi gögn gefa ekki tilefni til að skerða réttarstöðu M.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 29. nóvember 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 189/2005

M

og

Líftryggingafélagið X v/sjúkdómatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúkdómatryggingu.

Gögn.

1. Málskot móttakið 31.10.2005 ásamt fylgigögnum.
2. Niðurstaða Tjónanefndar váttryggingarfélaganna.
3. Bréf X, dags. 2.11.2005, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 10.6.2005 var E, eiginkona M, lögð inn á sjúkrahús vegna blóðtappa í lungum (lungnaemboliu), en hún hafði fundið fyrir vaxandi mæði og andþyngslum. Hún hafði ennfremur sögu um lysterleysi í marga mánuði og þreytu og þrekleysi í nokkra mánuði. Lá hún á sjúkrahúsinu til 16.6. Hún var svo lögð inn að nýju þann 20.6. Magaspeglun þann 27.6. leiddi svo í ljós grun um æxlisvöxt í magavegg. Sýni var tekið og staðfesti það að um illkynja æxlisvöxt var að ræða. E lést þann 5.7.2005.

E hafði í gildi hjá Líftryggingafélaginu X líf- og sjúkdómatryggingu með váttryggingarfjárhæð 2.368.000 krónur sem samkvæmt fyrirliggjandi skilmálum er samsett líf- og sjúkdómatrygging.

Í 4. gr. skilmálanna er því lýst við hvaða aðstæður og að hvaða skilyrðum fullnægðum geti komið til greiðslu bóta úr hvorri váttryggingu. Segir í greininni að váttryggingarfjárhæðin greiðist ef váttryggingaratburður samkvæmt 5. gr. skilmálanna ber að höndum á váttryggingartímanum. Er þar einnig tekið fram að líftryggingarfjárhæðin sé sú fjárhæð sem tilgreind er í skírteini og váttryggingarfjárhæð sjúkdómatryggingarinnar nemi 75% af líftryggingarfjárhæðinni. Komi til greiðslu bóta úr sjúkdómatryggingunni helst líftryggingin áfram í gildi með fullri líftryggingarfjárhæð og greiðist þá iðgjald eftir það samkvæmt gjaldskrá félagsins um líftryggingar og frá þeim tíma gilda um trygginguna nánar tilgreindir váttryggingarskilmálar.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. skilmálanna telst váttryggingaratburður verða ef váttryggður fellur frá eða greinist m.a. með nánar tilgreinda sjúkdóma, þ. á m. krabbamein samkvæmt nánari skilgreiningu.

Í 7. gr. skilmálanna er að finna ákvæði er lúta að takmörkun á bótaskyldu. Samkvæmt 2. mgr. greiðast bætur til váttryggðs vegna hans sjálfs aðeins einu sinni og skilyrði fyrir bótagreiðslu sjúkdómahluta tryggingarinnar er að váttryggður lifi a.m.k. í 30 daga frá því váttryggingaratburður gerðist.

Samkvæmt bótakröfu, dags. 1.7.2005, gerði M fyrir hönd E kröfu um bætur úr sjúkdómatryggingunni. Með bréfi X, dags. 9.9.2005, var M tilkynnt að félagið hafi samþykkt greiðslu á líftryggingarfjárhæðinni en hafnað greiðslu úr sjúkdómatryggingunni með vísan til fyrrgreinds ákvæðis í 7. gr. skilmálanna þar eð E hafi látist innan 30 daga eftir að hún hafði greinst með þann sjúkdóm sem ella hefði leitt til greiðslu bóta. M unir ekki þessari afstöðu félagsins. Telur hann með vísan til 120 gr. laga nr. 20/1954 að félagið ábyrgist vegna sjúkdóms, sem kemur upp á váttryggingartímanum, skaðlegar afleiðingar sem koma í ljós síðar. Ennfremur hafi einkenni sjúkdómsins komið fram nokkru áður en 30 dagar voru til dánardægurs. Þá kveður M að sú regla að váttryggður verði að lifa a.m.k. í 30 daga frá því váttryggingaratburður varð brjótí í bága við ákvæði 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 með síðari breytingum. Loks sé ákvæði 5. gr. skilmálanna um váttryggingaratburð svo óskýrt að á því

verði ekki byggt, þar sem félagið geti valið við hvorn váttryggingaratburðinn það vilji miða, þ.e. þegar váttryggður “féll frá” eða “greindist” með sjúkdóm.

Álit.

Sjúkdómatrygging, eins og er til umfjöllunar í máli þessu, er varanleg heilsutrygging án uppsagnarréttar félagsins. Hún telst ekki til greinaflokka sjúkratrygginga samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi með áorðnum breytingum, heldur fellur váttryggingin undir greinaflokka heilsutrygginga og líftrygginga samkvæmt 23. gr. laganna. Ákvæði IV. kafla laga nr. 20/1954 um slysa- og sjúkratryggingar, og þar með 120. gr. laganna sem jafnframt má víkja til hliðar í váttryggingarsamningi, koma því ekki til álita við úrlausn ágreinings í máli þessu.

Á skilyrði 5. gr. skilmála váttryggingarinnar um að það sé skilyrði fyrir greiðslu úr sjúkdómahluta tryggingarinnar að váttryggður lifi að minnst kosti í 30 daga eftir váttryggingaratburð verður að líta sem hlutlæga takmörkun á ábyrgð félagsins. Ekki liggur fyrir að ábyrgðartakmörkun þessi fari í bága við reglur samningalaga nr. 7/1936 með áorðnum breytingum, eða að reglur váttryggingarsamningalaga takmarki rétt félagsins til slíkrar ábyrgðartakmörkunar. Eru því ekki efni til að víkja skilmálaákvæði þessu til hliðar.

Þegar horft er til þess að váttrygging sú, sem hér er til skoðunar, felur í sér bæði áhættulíftryggingu og sjúkdómatryggingu er það ljóst af 5. gr. skilmálanna að váttryggingaratburður telst hafa orðið þann 27.6.2005, er magaspeglun var framkvæmd hjá E og sýni staðfesti að um krabbamein væri að ræða. E lést á hinn bóginn þann 5.7.2005 eða einungis átta dögum eftir að váttryggingaratbuður varð. Með vísan til fyrrgreinds ákvæðis 5. gr. skilmálanna féllur greiðsluskylda félagsins niður þar eð E lifði ekki a.m.k. í 30 daga eftir váttryggingaratburð.

Niðurstaða.

Dánarbú E á ekki rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu E hjá X.

Reykjavík, 29. nóvember 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 195/2005

M

og

Vátryggingafélagið V

Vatn flæddi inn á vél bifreiðar þ. 28.5. 2005

Gögn.

1. Málskot móttakið 15.11.2005.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 476/05
3. Tjónaskýrsla dags. 28.5.2005.
4. Bréf V dags. 7.6. og 25.11.

Málsatvik.

Málsatvik segir M vera þau að hún hafi verið að aka yfir læk og ekið með vinstra framhjól utan í stein sem hafi færst til með þeim afleiðingum að vinstra framdekkið hafi skollíð ofan í holu og hafi vinstri hluti húddsins farið í vatn og vélin drepíð á sér og bíllinn verði fluttur til tjónaskoðun. M krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V. og telur tilvikið falla undir ákvæði 4.1 í vátryggingarskilmálunum þar sem kveðið er á um að V bæti tjón á vátryggðu ökutæki sem verður við áakstur. V hafnar bótaskyldu og telur að hér hafi ekki verið um áakstur að ræða í skilningi skilmálanna og sé hefð fyrir því að hugtakið áakstur sé notað þegar önnur bifreið á hlut að máli. Þá vísar V til ákvæða 422.13 og 422.26 vátryggingaskilmálanna og telur að bæði ákvæðin girði fyrir bótarétt V í þessu máli.

Álit.

M var að aka yfir á í umrætt sinn inn á Haukadalsafleggjara við Geysi. Ekki er á það fallist að í umrætt sinn hafi verið um áakstur M að ræða þegar hún ók að eigin sögn utan í stein á árbotni sem hafi við það færst til með þeim afleiðingum að bifreiðin fór niður í holu væntanlega eftir steininn. Ekki verður séð að ákvæði 422.13 í vátryggingaskilmálunum eigi við um tilvik þetta en hins vegar liggur fyrir að M ók í umrætt sinn yfir óbrúaða á að því er næst verður komist utan hefðbundinna vega og því er ekki um bótaskyldu að ræða úr kaskótryggingu M hjá V með vísan til ákvæðis 422.26 vátryggingaskilmála þeirra sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 1.12.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 196/2005

M

og

Vátryggingafélagið X

og

Vátryggingafélagið Y

Árekstur á Vesturlandsveg á hringtorgi við Hafravatnsveg þann 25.10.2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16.11.2005.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrsla.
4. Ljósmyndir.
5. Uppdráttur af hringtorgi, þar sem árekstur varð.
6. Bréf X, dags. 25.11.2005.
7. Bréf Y, dags. 25.11.2005.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið norður Vesturlandsveg og inn í hringtorg við gatnamót Hafravatnsvegar. Mun A hafa verið ekið á undan B. Var A ekið um innri hring (vinstri akrein) og B um ytri hring (hægri akrein) hringtorgsins. Við fyrstu gatnamót í hringtorginu eftir að bifreiðunum var ekið inn í það, þ.e.a.s. við gatnamót Hafravatnsvegar, var A beygt til hægri áleiðis út úr hringtorginu. Rakst þá hægra framhorn A í vinstri hlið B. Eftir áreksturinn ók ökumaður A á brott af vettvangi.

Haft var tal af ökumanni A sem kvaðst hafa ekið rólega inn í innri hring torgsins og síðan beygt áleiðis til hægri austur Hafravatnsveg. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við B fyrr en árekstur varð. Hann kvaðst hafa farið af vettvangi, þar sem honum hafi brugðið mjög mikið við áreksturinn.

Ökumaður B kvað ökumann A hafa ekið rólega beint inn í innri hring og þar hafi ökumaðurinn nær stöðvað. Hafi ökumaður B því ætlað fram hjá A á ytri hring, en skyndilega hafi A verið ekið af stað í krappa beygju til hægri og árekstur orðið.

Vitni var státt í bifreið á Hafravatnsvegi við hringtorgið. Það kvað ökumann A hafa beygt mjög skyndilega til hægri úr innri hring hringtorgsins og árekstur orðið. Ökumaður A hafi svo horfið af vettvangi.

Álit.

Ökumaður A ók á brott eftir áreksturinn án þess að ræða við gagnaðila sinn að séð verður. Hann hefur ekki gefið haldbærar skýringar á þessu háttalagi sem samræmdist heldur ekki skyldum hans skv. 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður B kvað ökumann A hafa sem næst stöðvað bifreið sína í hringtorginu um það leyti sem hann ók hjá. Þá hafi A skyndilega verið ekið af stað og beygt til hægri þannig að árekstur varð. Framburður þessi fær stuðning í frásögn vitnis. Ökumaður A hefur ekki tjáð sig um aðdraganda árekstursins að þessu leyti, en kvaðst ekki hafa vitað um ferðir B fyrr en árekstur varð. Eins og hér stendur á verður ökumaður A að bera hallann af því að málsatvik eru um margt óljós hvað varðar aðdraganda árekstursins. Verður ekki hjá því komist að leggja framburð ökumanns B til grundvallar við sakarmat. Verður þannig við það að miða að ökumaður A hafi valdið árekstrinum með óvenjulegu aksturslagi og án þess að gæta nægilega að umferð annarra ökutækja áður en hann beygði út úr hringtorginu. Á hann því sök á árekstrinum. Ökumaður B gat ekki átt von á að A yrði beygt til hægri svo skyndilega og óvænt sem raunin virðist hafa verið. Eru í málinu því ekki næg efni til að leggja sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 1. desember 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 199/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar húseiganda.

Slys við fall inn í húsagarð þann 1.12.2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22.11.2005, ásamt fylgigögnum.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Bréf Vátryggingafélagsins X., dags. 5.12.2005, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hafði lagt bifreið sinni við götubrún við húsið nr. 3 við götu eina í Reykjavík (hér eftir nefnt H). Þannig hagar til að þeim megin götunnar, þar sem M hafði lagt bifreiðinni er ekki gangstétt og nær malbikslag sjálfrar götunnar að lóðarmörkum og er bifreiðum lagt þar við götubrún. Við fyrrgreint hús er steypur kantur og er nokkur hæðarmunur milli götunnar og lóðarinnar. Á móts við bílstjórahurð á bifreið M, sem snéri að lóðinni, mun hæðarmunurinn hafa verið um 77 cm lóðarmegin, en hæð steypa kantsins götumegin er þar um 20-30 cm. Trébönd vantaði ofan á kantinn, þar sem bifreið M stóð. Steypur kantur án trébanda er einnig á lóðarmörkum milli H og húss nr. 5, sem er lítið eitt hærri en við götuna.

Í umrætt sinn kvaðst M hafa verið á leið í bifreið sína og verið að leita að bíllyklum í veski sínu. Hafi hún þá fallið í garðinn. Við fallið brotnaði hún á vinstri fæti bæði við ökkla og hné. M hefur krafist eigendur húseignarinnar að H um bætur fyrir líkamstjón sitt. Kveður hún kantinn hafa verið of lágan og trébönd vantað ofan á hann. Hafi kanturinn ekki fullnægt ákvæðum 66. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 né heldur ákvæðum byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík frá 1945, sbr. m.a. 14. gr. og 2. mgr. 29. gr.

Álit.

Ekki liggur fyrir samkvæmt málgögnum hver voru nákvæm tildrög þess að M féll yfir kantsteininn og niður í garðinn að H. H mun hafa verið byggt á árinu 1956. Þótt kanturinn milli lóðar og götu hafi að öllum líkindum verið steypur nokkru síðar er ekkert fram komið í málinu sem bendir til að bygging hans hafi brotið í bága við fyrirmæli byggingarlaga eða byggingarreglugerðar, er þá hafa verið í gildi. Á slysstað blasti við hvernig kanturinn var og að tréborð voru ekki ofan á honum. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að slysið megi rekja til þess að umræddur kantur hafi verið vanbúinn þannig að virt verði eigendum húseignarinnar til sakar. Bótaábyrgð verður því ekki lögð á eigendurna vegna líkamstjóns M.

Niðurstaða.

Líkamstjón M telst ekki vera bótaskyld.

Reykjavík, 20. desember 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.